



Bentu í Austur, bentu í Vestur...

Samanburður á lífi kvenna í Austur- og Vestur-Þýskalandi

Ingunn Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Bentu í Austur, bentu í Vestur
Samanburður á lífi kvenna í Austur- og Vestur-Þýskalandi

Ingunn Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Guðný Gústafsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ingunn Guðmundsdóttir, 2011

Reykjavík, Ísland 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Útdráttur

Í lok seinni heimsstyrjaldarinnar var Þýskalandi skipt upp í tvö ríki þar sem Vestur-Þýskaland var á valdsvæði Bandaríkjanna en Austur-Þýskaland á valdsvæði Sovétríkjanna. Berlínarmúrinn var reistur í miðri Berlín til að afmarka valdsvæðin og til að hindra flæði fólks frá Austri til Vesturs. Efnahags- og stjórnkerfi ríkjanna voru ólík. Í Austri var ríkjandi sósíalismi en í Vestri kapítalismi. Í ritgerðinni er varpað ljósi á líf kvenna í Þýskalandi á tímum Kalda stríðsins eftir því hvort þær bjuggu í Austur-Þýskalandi eða Vestur-Þýskalandi. Auk þess verður staða þeirra skoðuð eftir að kalda stríðinu lauk og Þýskaland varð sameinað að nýju. Staða þeirra verður skoðuð út frá hinu ríkjandi kynjakerfi og mismunandi stjórnkerfum. Til þess að meta stöðuna er atvinnulíf og fjölskyldulíf sérstaklega skoðað auk annarra tengdra þátta. Niðurstöður ritgerðarinnar leiddu í ljós að staða kvenna í Þýskalandi var mjög ólík eftir því hvoru megin við múrinn þær bjuggu. Sameining Þýskalands virðist einnig hafa bitnað mun verr á Austur-Þjóðverjum og þá sérstaklega konum.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni til BA-prófs í stjórnmálafræði og er skrifuð á vormisseri 2011. Leiðbeinandinn við verkið var Guðný Gústafsdóttir.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
FORMÁLI	3
INNGANGUR	5
KYNJAKERFIÐ	7
KALDA STRÍÐIÐ	9
KENNINGARLEGUR BAKGRUNNUR	11
SÓSÍALISMI.....	11
KAPÍTALISMI – FRJÁLST MARKAÐSHAGKERFI.....	15
LÍFIÐ Í AUSTRI	19
LAUNUÐ VINNA OG „HIN TVÖFALDA BYRÐI“.....	19
FJÖLSKYLDAN.....	21
ALMENNT.....	23
LÍFIÐ Í VESTRI	25
LAUNUÐ VINNA.....	25
FJÖLSKYLDULÍF.....	26
AMERÍKUVÆÐINGIN.....	28
KVENNASAMTÖKIN.....	29
SAMEINING ÞÝSKALANDS	31
SAMANBURÐUR RÍKJANNA TVEGGJA	35
LAUNUÐ VINNA.....	35
FJÖLSKYLDULÍF.....	37
ALMENNT.....	38
NIÐURLAG:	40
HEIMILDARSKRÁ	43

Inngangur

Í fjóra áratugi eftir seinni heimsstyrjöldina var Þýskalandi skipt í tvö ríki. Þetta tímabil er oftast kallað *kalda Stríðið*. Á árunum 1949 – 1989 var Alþýðulýðveldið Austur-Þýskaland (*e. German Democratic Republic/GDR*) undir ríkissósíalisma, með miðstýrðu efnahagskerfi og sósíalískri atvinnu- og fjölskyldustefnu á meðan Sambandslýðveldið, Vestur-Þýskaland (*e. Federal Republic of German FRG*) var með fjölflokka stjórnkerfi, markaðshagkerfi og lítil ríkisafskipti. Skiptingin hafði mikil áhrif á hagkerfi ríkjanna beggja sem endurspegladist meðal annars í stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum og innan veggja heimilisins. Á tímum kalda stríðsins stýrðist staða kynjanna í báðum löndunum af hagkvæmnissjónarmiðum og línurnar voru lagðar út frá efnahagslegum forsendum ríkjanna. Í Austur-Þýskalandi var bæði ætlast til og þess þarfnast að karlar sem og konur sinntu launaðri vinnu. Í Vestur-Þýskalandi var konum hins vegar ýtt aftur inn á heimilin á meðan karlar höfðu það hlutverk að vera fyrirvinna heimilisins. Því kemur það ekki á óvart að konur í Austri öðluðust meira jafnrétti á hinum almenna vinnumarkaði en stöllur þeirra í Vestri. Þó að austur þýsk stjórnvöld hafi verið staðráðin í því að uppræta kynjamisrétti náðu útívinandi konur aldrei fullum jöfnuði á við karla, sérstaklega þegar tekið er tillit til launa, starfa eða verkaskiptingar heima fyrir (Einhorn, 1993; Trappe, C. Gornick, 2004).

Árið 1989 þegar ríkissósíalisminn féll um alla Austur-Evrópu og í Sovétríkjunum tóku stjórnvöld í Vestur-Þýskalandi bókstaflega yfir Austur-Þýskaland. Það hafði í för með sér umbreytingu á samfélaginu þar á meðal öllum stofnunum sem og atvinnuuppbyggingu landsins. Vestur-Þýskaland hélst nánast óbreytt. Með sameiningunni breyttist vinnustaða austur-þýskra kvenna. Breytingin samanstóð af mörgum þáttum þar á meðal stefnubreytingum, endurskipulagi á iðnaði og starfsstöðum og snöggri kreppu á vinnumarkaðinum (Einhorn, 1993). Aðskilnaður og seinna meir sameining Austur og Vestur Þýskalands býður upp á þann möguleika að sjá hvernig líf kvenna þróast í mismunandi stjórnkerfum. Í þessari ritgerð verður staða þýskra kvenna skoðuð og metin í ljósi þess hvoru megin við múrinn þær bjuggu og hvernig líf þeirra breyttist eftir að múrinn féll. Hvoru megin konur bjuggu við

meira jafnrétti kynjanna og hvernig kynjakerfinu var viðhaldið auk þess er hugmyndafræði kapítalisma og sósíalisma bornar saman að teknu tilliti til kvenna.

Kynjakerfið

Breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby skilgreinir kynjakerfið eða feðraveldi (*e. patriarchy*) sem félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna. Mikilvægt er að að fjalla um kynjakerfið sem félagslegt kerfislægt mynstur vegna þess að því fer fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð í krafti kyns síns (Walby, 1997; Þorgerður, 2006). Kynjakerfið þrífst ekki í tómarúmi, það er hlutbundið og óhlutbundið á sama tíma og samofið öðrum valdakerfum eins og stéttaskiptingu eða kynþáttakúgun (Þorgerður, 2006). Walby talar um tvö kynjakerfi, kerfi einkalífsins og kerfi opinbera sviðsins. Í kynjakerfi einkalífsins voru konur útilokaðar frá opinberri þátttöku, þær höfðu ekki borgarleg eða pólitísk réttindi. Kynjakerfi opinbera sviðsins voru konur ekki útilokaðar en yfirráðin byggjast á aðskilnaði og undirskipun, t.d. í atvinnulífinu og hinu opinbera lífi (Walby, 1997; Þorgerður, 2006).

Þorgerður Einarsdóttir gerir grein fyrir, í erindi sínu *Kynjakerfið: Úrelding í auglýsni eða viðvarandi kynjahalli*, hvernig nokkrir þættir samfélagsins eiga þátt í því að móta og viðhalda kynjakerfinu. Hún byggir þessa þætti á greiningu Walby á kynjakerfinu og þeir eru eftirfarandi: Atvinna: Kvinnastörf hafa verið minna metin en karlastörf sem skilar sér í hærri launum karla. Því hefur verið haldið fram að konur beri sjálfar ábyrgð á misréttinu á vinnumarkaðnum vegna þess að þær fara fram á lægri laun en karlar. Því hefur einnig verið haldið fram að þegar konur hafi sömu menntun, starfsreynslu og persónulega hæfni þá fyrst verði hægt að koma á jafnrétti kynjanna. Þessi kynmerking starfa gerir körlum ekki síður erfitt fyrir að velja kvinnastörf. Fjölskyldan: Því hefur oft verið haldið fram að uppspretta að yfirráðum karla yfir konum sé fólgin í móðurhlutverki, barneignum og brjóstagiöf. Líffræðilegt hlutverk kvenna er þó mjög lítið í hinu stóra samhengi og umönnunarhlutverk kvenna er fyrst og fremst félagslegt Félagleg tengsl hafa ráðið meira í valdamisræmi innan fjölskyldunnar en líffræði kvenna. Þetta hefur haft í för með sér að konur verða efnahagslega háðar eiginmönnum sínum og missa þar af leiðandi hluta af sjálfstæði sínu. (Sen, 1980). Menningarlegir þættir: Hugmyndir okkar um karlmennsku og kvenleika móta menningu okkar og samfélag og tilveru okkar sem einstaklinga. Þessir þættir bera upp hina ýmsu þætti kynjakerfisins. Kynímyndum er viðhaldið í

valdatengslum og umhverfið okkar er gegnsýrt af þeim. Kynverund og kynferði: Því hefur verið haldið fram að kynverund og kynferði kvenna sé uppspretta yfiráðakerfisins. Þar er tekist á um hvort að kynhvötin sé eðlislæg eða að kynverund okkar sé félagslega mótuð og byggir á kynferðislegum yfiráðum karla. Ofbeldi: Hægt er að tala um ofbeldi sem kynbundið þegar það birtist kerfisbundið valdamynstur þar sem karlmenn eru meirihluti gerenda og konur meirihluti þolenda. Ríkið og opinbert vald: Það hefur einnig átt sinn þátt í því að styðja yfiráðakerfi karla þó að það hafi einnig átt sinn þátt í því að „frelsa“ konur. Ríkið hefur og er ekki alltaf talið hliðhollt konum en það fer þó eftir tíma og menningu (Þorgerður, 2006).

Kalda stríðið

Kalda stríðið hófst þegar seinni heimsstyrjöldinni lauk árið 1945. Risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin höfðu í sameiningu unnið sigur á Þýskalandi þar sem Hitler hafði verið við völd. Samvinna þeirra í stríðinu var tilkomin af nauðsyn. Þegar stríðinu lauk settust valdhafar stórveldanna niður til að ákveða framhald Þýskalands. Bandaríkin vildu einbeita sér að enduruppbyggingu Þýskalands og koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað. Sovétríkin kröfðust hins vegar hárra stríðsskaðabóta af Þýskalandi þar sem að þeir höfðu orðið fyrir miklu mannfalli í stríðinu. Niðurstaðan varð sú að landinu var þannig skipt upp að Austur-Þýskaland varð á valdsvæði Sovétmanna en Vestur-Þýskaland á valdsvæði Bandaríkjamanna og þeirra bandamanna. Öll Austur-Evrópa var á yfirráðasvæði Sovétríkjanna og því var sagt að járntrjald hafi skipt Evrópu í tvennt (Painter, 1999). Bandaríkjamenn eyddu miklum fjármunum í að byggja upp Þýskaland að kapítalískri fyrirmynd. Til þess var Marshall-aðstoðinni komið á en hún fól í sér aðstoð Bandaríkjamanna við Evrópu til að byggja upp aftur efnahag álfunnar og stöðva framrás sósíalista. Þessi aðgerð Bandaríkjamanna jók andúð Sovétmanna á Bandaríkjunum, sérstaklega vegna þess að fólk í Austri fluttist í auknum mæli til Vesturs í atvinnuleit og í von um betra líf (Valur Freyr Steinarsson, 2004). Sambandslýðveldið Þýskaland (Vestur-Þýskaland) var formlega stofnað í maí 1949 og ári seinna varð Þýska alþýðulýðveldið (Austur-Þýskaland) að veruleika og þar með skipting Evrópu með járntrjaldinu fyrrnefnda (Painter, 1999).

Kalda stríðið skipti Berlín í tvær borgir formlega 1948 en bókstaflega 13 árum seinna. Berlín var höfuðborg Þýskalands fyrir stríð og ein helsta menningarborg Evrópu. Það er ein ástæðan fyrir því að bæði stórveldin vildu eigna sér Berlín. Auk þess var hún staðsett inn í miðju Austur-Þýskalandi eftir skiptingu og var því hernaðarlega mjög mikilvæg báðum stórveldunum. (Merritt, 1972). Berlín varð að miðpunkti þeirrar togstreitu sem skapaðist á milli Sovétríkjanna og Bandaríkjamanna auk þeirrar spennu sem kom með aukinni vopnaeign og kjarnorkuframleiðslu. Eftir mikla togstreitu á milli stórveldanna beggja var ljóst að ekki gengi að stjórna Berlín sameiginlega þannig að úr varð að þann 13. ágúst 1961 var reistur veggur í Berlín, svokallaður Berlínarmúr, til að hindra flæði fólks til vesturs (Painter, 1999).

Kalda stríðið stjórnaði alþjóðlegum samskiptum í yfir 45 ár eða frá árunum 1945 – 1991. Kalda stríðið er hugtak sem notað er yfir togstreitu, pólitísk átök, efnahagsleg, vísindaleg og hernaðarlega samkeppni á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og bandamanna þeirra. Kalda stríðið hafði í för með sér klofningu í alþjóðastjórnámálum, skiptingu heimsins og átök og samkeppni um yfirráð í þriðja heiminum. Að skilja kalda stríðið er forsenda þess að skilja sögu seinni hluta 20. aldarinnar. (Painter, 1999).

Kalda stríðið mótaði þróun stjórn mála bæði í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum auk þess að hafa gífurleg áhrif á samfélög þessara landa, efnahag þeirra sem og hernaðarlegar stofnanir. Kalda stríðið gerði þessum tveimur stórveldum auðveldara fyrir að ná gífurlegum völdum og misnota stöðu sína. Fyrir utan þau geigvænlegu völd sem þessi stórveldi höfðu viðhélth Kalda stríðið skiptingu Evrópu og þá sérstaklega í Þýskalandi. Átökin voru mikil á milli stórveldanna, þau eyddu miklum fjármunum í varnarmál sem leiddi til aukinnar vopnaframleiðslu og kjarnorkuvæðingar en aldrei kom þó til beinna átaka á milli veldanna tveggja (Painter, 1991).

Berlínarmúrinn varð tákn kalda stríðsins. Múrinn var álitinn sönnun þess að sósíalístum mistókst að vinna tryggð almennings auk þess var múrinn talinn merki þess að sósíalíska stjórnkerfið var að tapa keppninni á móti kapítalísku stjórnkerfi. Verðir gættu þess að enginn færi yfir múrinn en um fimm þúsund manns gerðu tilraun til þess. Talið er einhvers staðar á bilinu eitt til tvö hundruð manns hafi farist við tilraunina. Árið 1989 var óánægja fólks orðin mikil innan sósíalísku ríkjanna, fólk vildi fá að sjá breytingar. Röð róttækra pólitískra atburða í Austurblokkinni, í tengslum við kröfu um frelsi Austantjaldslandanna undan harðstjórn Sovétríkjanna, leiddi til þess að þann 9. nóvember 1989 féll múrinn eftir mikil mótmæli og þrýsting Austur Þjóðverja og annarra landa innan Austur Evrópu. Þrýstingurinn kom einnig frá Vesturlöndum. Friðarhreyfingar í Vestri voru til að mynda sterkt þrýstiafl. Mikil múgæsing varð og margar þúsundir manna fóru yfir landamærin þann dag (Mayer, 2009).

Kenningarlegur bakgrunnur

Sósíalismi

Sósíalismi eða jafnaðarstefna eins og hún er kölluð á Íslandi er hugmyndafræði um ákveðið samfélags- og efnahagskerfi þar sem framleiðslutæki, jarðnæði og auðlindir eru í eigu samfélagsins og nýtingu er stjórnað þannig að hagur allra er hafður að leiðarljósi. Hugmyndafræðin mótaðist á 19. öld í andstöðu við kapítalisma (Chattopadhyay, 1989). Hugmyndafræði sósíalisma byggir á jafnrétti allra og þar af leiðandi á milli kynjanna.

Tengingin milli sósíalisma og kvenfrelsis, eða þeirri hugmynd um að konur gætu einungis frelsast af ánauð sinni í gegnum sósíalisma, er sprottin af marxískri hugmyndafræði. Í bókinni *On the Origin of the Family, Private Property and the State* (1884) eftir Friedrich Engels heldur hann fram að kúgun kvenna sé ekki til komin vegna valds karla yfir konum heldur sé fólgin í einkastofnunum í kapítalísku félagslegu samhengi. Þar af leiðandi væri fall kapítalismans það eina rökrétta sem gæti hugsanlega frelsað konur. Samkvæmt Engels var það samansafn af afgangi „verðmætum“ frá kapítalískri framleiðslu sem karlar nýttu sér til þess að hafa yfirburði yfir konum. Konur sinntu ólaunaðri vinnu, það er að sjá um heimilið og börnin og urðu því efnahagslega háðar eiginmönnum sínum. Hins vegar bendir Einhorn á að þó svo að konur hafi farið út á vinnumarkaðinn og orðið efnahagslega sjálfstæðar voru þær samt kúgaðar af körlum. Fræðimenn hafa bent á að þó að hugmyndafræði sósíalista á bak við frelsun kvenna hafi í raun ekki skilað tilsettum árangri og hugmyndir þeirra hafi verið umdeildar hafi sósíalistar í það minnsta verið staðráðnir í því að „frelsa“ konur sem hlýtur að teljast skref í rétta átt (Einhorn, 1993). Jafnrétti innan veggja heimilisins var ekki hátt skrifað í bækur sósíalista á 19. öld. Seinna á öldinni fóru marxistar að veita því athygli að undirokun kvenna væri fólgin í því að þær væru „lokaðar“ inn á heimilum sínum. Þeir töldu lykilinn að því að frelsa konur úr ánauð sinni væri aukin samfélagsleg þátttaka (Philips, 1996).

August Bebel viðurkenndi jafnframt að konur væru tvöfalt kúgaðar. Það væri fólgið í ósjálfstæði þeirra gagnvart karlmönnum og ósjálfstæði þeirra gagnvart vinnumarkaðinum. Bebel sem og Lenin töldu að einungis með að afnema síðarnefnda atriðið væri hægt að afnema það fyrra. Þetta skýrir mikilvægi þess að konur voru

hvattar til að fara í auknum mæli út á vinnumarkaðinn til þess að losna úr ánauð karlaveldisins í sósíalísku hag- og samfélagskerfi (Einhorn, 1993).

Hugmyndir sósíalista um jafnrétti kynjanna þóttu róttækar á tímum Sovétríkjanna. Konur áttu að hafa sömu réttindi og karlar á öllum sviðum samfélagsins, svo sem pólitískum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum. Trygging kvenna fyrir jafnrétti var skrifuð í lög „sömu laun fyrir sömu vinnu“. (Łobodzińska, 1995). Konur áttu að hafa lýðræðislegt frelsi til þess að taka ákvarðanir um sitt eigið líf. Raddir þeirra áttu að heyrast, skoðanir þeirra virtar og þarfir þeirra settar í stærra samfélagslegt samhengi. Þrátt fyrir slíkar hugmyndir voru kvennasamtök bönnuð með lögum vegna þess að ekki var talinn grundvöllur fyrir þeim (Einhorn, 1993, Łobodzińska, 1995). Sósíalisminn var árið 1918 á undan sinni samtíð að setja á stofn hjónaband tveggja aðila sem stóðu jafnfætis hvor öðrum og höfðu báðir aðilar jafnan rétt til þess að slíta hjónabandinu (Einhorn, 1993).

Til þess að binda endi á misrétti kvenna var talið að konur þyrftu að fara út á vinnumarkaðinn. Með því móti öðluðust þær efnahagslegt sjálfstæði og yrðu þar af leiðandi sjálfstæðari gagnvart körlum. Þá kom upp sú spurning hvernig þær ættu að geta unnið úti samhliða því að sinna heimili og börnum. Gjarnan er talað um hina tvöföldu byrði (*e. double shift*) sem konur báru í hinum sósíalísku stjórnkerfum. Með því er átt við hlutverk kvenna á hinum almenna vinnumarkaði og sem móðir og aðalumsjónaraðili heimilisins. Hin tvöfalda byrði var einkennandi fyrir hið sósíalíska ríki þó það hafi einnig fundist í kapitalisma (Philips, 1996). Til þess að komast til móts við konur var þeim veitt hjálp til þess að gera þeim kleift að sinna báðum þessum hlutverkum. Mjög öflugri barnagæslu var komið á fót ásamt því að vinnutími kvenna var sveigjanlegur og mikið umburðarlyndi sýnt gagnvart veikindadögum og öðrum slíkum fríum (Einhorn, 1993).

Femínismi hefur gjarnan verið kenndur við sósíalisma. Margar femínískar hreyfingar byggja hugmyndafræði sína á sósíalískum hugmyndum um jafnrétti kynjanna. Sumir femínistar trúðu því að eina leiðin til að binda endi á undirokun kvenna væri aukin samfélagsþátttaka þeirra og með því að rjúfa tengsl kvenna við heimilishald og barnaupheldi (Philips, 1996). Á tímum kalda stríðsins bentu sósíalískir femínistar á sex atriði til að sýna fram á ágæti sósíalisma fyrir konur: (1) Sósíalísk ríki skuldbundu sig til að reyna að knýja fram jafnrétti kynja og stöðva kúgun kvenna sem hafði í för með sér vitundarvakningu í samfélaginu gagnvart konum. (2) Vel hefði tekist að útrýma öðrum þáttum samfélagsins sem fólu í sér

undirokun kvenna eins og einangrun þeirra, útburð stúlkubarna, að ungar stelpur væru neyddar í hjónaband og fjölkvæni. (3) Með því að staðfesta jafnrétti kynjanna í lagabækur hefur tækifærum kvenna til menntunar, starfa og eignaréttar fjölgað og aukin viðurkenning innan samfélagsins fengist. (4) Mikilvægar breytingar voru gerðar á fjölskyldulögum. Hjónabandið var stofnun milli tveggja jafnra einstaklinga sem höfðu sama rétt til að sækja um skilnað og jafnan réttur til forræðis og arfs. (5) Ótvíræðnar breytingar á högum kvenna á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka kvenna í sósíalískum ríkjum hefur aukist til muna og er meiri en í kapítalískum stjórnkerfum. Auk þess að konur hafa gengið inn í störf sem talin eru hefðbundin karlastörf. (6) Sósíalísk ríki hafa tekið aukna ábyrgð á velferðarkerfi hvers ríkis sem hefur sérstaklega komið konum til góða, einkum þegar tekið er tillit til fæðingarorlofs, barnaheimila, fóstureyðinga og læsi kvenna (Stacey, 1986).

Femínistar hafa bent á að sósíalismi hafi einnig neikvæðar afleiðingar fyrir konur og jafnréttisbaráttuna. (1) Ekkert sósíalískt ríki hefur náð að knýja fram algert jafnrétti kynjanna. Karlar voru ráðandi í flestum valdastöðum innan samfélaga. Launamunur var til staðar og vinnumarkaðurinn var kynjaskiptur. Karlar voru ráðandi í hinu opinbera lífi á meðan konurnar voru ábyrgar fyrir heimilisverkum og barnauppleði. (2) Með innkomu kvenna á hinn almenna vinnumarkað hafa sósíalísk ríki þróað með sér ákveðið munstur sem felur í sér „hina tvöföldu byrði“ kvenna. Þetta aukna álag hefur gert konum mjög erfitt fyrir. Flestar rannsóknir benda til þess að konur í sósíalískum stjórnkerfum hafi ekki fengið meiri hjálp frá körlum en í kapítalískum stjórnkerfum. (3) Ein helsta takmörkun sósíalisma fyrir konur var fjarvera femínisma í sósíalísku ríkjunum. Kvannahreyfingar voru taldar óþarfar vegna þess að kerfið átti að leiðrétta sig sjálft með sósíalískum áherslum. Einungis kapítalísk stjórnkerfi höfðu feminískar hreyfingar. Í stað feminísma voru áherslur sósíalista að innleiða málefni kvenna í stjórnmalaflokka hvers ríkis. Þar sem karlar voru oftast en ekki ríkjandi (Stacey, 1986).

Ann Philips veltir því upp hvort að sósíalísk hugmyndafræði skapi þau skilyrði til að ná fram jafnrétti kynjanna. Að hennar mati er forsendan fyrir jafnrétti kynjanna endurskipulag á milli launaðrar og ólaunaðrar vinnu. Auk þess að aftengja skiptingu vinnunnar (launaðrar og ólaunaðrar) við kynin. Hún telur að jafnrétti verði ekki náð með því að létta byrðina á konum með aukinni ríkisaðstoð. Því að sú ríkisaðstoð er oftast í höndum annarra kvenna með því dreifist ábyrgðin einungis á milli kvenna en ekki kynja. Philips telur að lausnin liggi í því að samtvinna almenn umönnunarstörf

við launaða og ólaunaða vinnu. Til þess að það geti orðið að veruleika er nauðsynlegt að endurskipuleggja vinnutíma og starfsmynstur hjá körlum og konum. Endurskipulag launaðrar og ólaunaðrar vinnu felst í; ákveðnu löngu fæðingarorlofi sem getur verið tekið af föður eða móður eða hvoru tveggja; skylda atvinnurekanda til að veita þeim sem sinna umönnunarstörfum sveiganleika í vinnu (körlum og konum); rétt til þess að taka ólaunað frí án þess að eiga hættu á að missa vinnuna og fyrst og fremst breytingu á vinnuhögum karla til þess að gera þeim kleift að sinna umönnunarskyldum sínum. Almenn séð yrði öllum sýnt umburðarlyndi á vinnumarkaðinum fyrir þeim skyldum sem hvíldu á þeim utan hins almenna vinnumarkaðs. Að mati Philips getur frjálst markaðshagkerfi ekki uppfyllt þessar þarfir heldur undirstrikað það gagnstæða (Philips, 1996).

Á 19. öld barðist Karl Marx fyrir styttingu vinnudagsins. Rök hans fyrir því voru að það myndi að lokum skila auknum hagnaði í fyrirtækið. Vinnuveitendur voru þvingaðir til að stytta vinnudag starfsmanna sinna. Marx hafði rétt fyrir sér en vinnuveitendur hefðu aldrei farið eftir þessu nema vegna þess að þeir voru skyldugir til þess. Til að knýja fram slíkar breytingar þarf pólitískt frumkvæði. Með því að gera vinnuveitendur skylduga að fara eftir fyrrnefndu endurskipulagi gæti jafnrétti kynjanna mögulega náðst. Í þessu ljósi getur sósíalismi mögulega verið forsenda jafnrétti kynjanna að sögn Philips (Philips, 1996).

Kapítalismi – frjálst markaðshagkerfi

Kapítalismi eða frjálst markaðshagkerfi er samfélags- og stjórnkerfi sem er ríkjandi í flestum ríkjum heims. Hugmyndafræði kapítalisma byggist á því að eignir, auðlindir og framleiðsla sé í einkaeigu og deilist því á fáar hendur. Aðalmarkmið hvers fyrirtækis er hagnaður. Forsenda kapítalisma er frelsi einstaklinga (Screpanti, 1999).

Í bókinni *Capitalism For and Against: A Feminist Debate* takast þær Ann E. Cudd og Nancy Holstrom á um gildi kapítalisma fyrir konur. Cudd telur kapítalisma hafa verið og vera lykil kvenna að velgengni. Hún telur að sá árangur sem hefur náðst í jafnréttisbaráttunni sé að stærstum hluta kapítalisma að þakka (Cudd, Holstrom, 2010, 4). Cudd vill meina að vegna kapítalismans hafi orðið umbreyting á félagskerfi samfélagsins frá kúguðu feðraveldi til upplýsts frelsis bæði fyrir konur og karla. Holstrom er ekki á sama máli og færir rök fyrir eyðileggingarmætti kapítalisma (Cudd, Holstrom, 2010).

Samkvæmt Holstrom felst kapítalismi í: (1) að mikilvægustu framleiðsluþættirnir séu í einkaeigu, (2) að launuð vinna sé mikilvægasta vinnan, (3) að framleiðsla sé fyrst og fremst fyrir markaðinn frekar en að uppfylla þarfir framleiðenda, (4) að tilgangur framleiðslu sé að hámarka hagnað fyrirtækja. „Ósýnilega höndin“, hugmyndasmíð Adam Smith, sé einnig forsenda kapítalisma en hún gengur út að samfélaginu sé best þjónað með því að hámarka eigin hag (Cudd, Holstrom, 2010).

Cudd bendir á að þau lönd sem hafa innleitt kapítalisma hafi lífsgæði fólks batnað. Til að mæla lífsgæði notar hún meðal annars tölfræði ýmissa landa sem sýna að lífslíkur fólks aukist og barnadauði minnki með kapítalisma. Aukin tækni hafi leitt til þess að nýfæddum börnum og þunguðum konum er hægt að sinna betur ef eitthvað komi upp á. Frjósemi hefur minnkað frá sjö börnum í tvo börn á hverja konu sem Cudd telur að sé lykillinn að frelsi og eflingu kvenna á pólitískum og félagslegum vettvangi. (Cudd, Holstrom, 2010). Kapítalismi hefur hvetjandi áhrif á konur sem og karla til að mennta sig vegna þess að hagkerfið krefst menntunar. Þar af leiðandi hefur menntuðum konum fjölgað.

Gagnrýni á kapítalisma, að teknu tilliti til kvenna, hefur falist í því að þar sé ríkjandi mun meira feðraveldi en í sósíalisma. Feðraveldi hefur verið skilgreint sem yfirráðakerfi karlmanna þar sem karlar eru frekar stjórnendur og í helstu valdastöðum innan samfélagsins en konur eru löglega eða beinlínis óæðri en sumir karlar.

Feðraveldi leggur áherslu á félagatengsl ákveðinna hópa sem einskorðist við (karla). Feðraveldi hefur í för með sér tilbúin kynjahlutverk sem hafa komið sér ekki síður illa fyrir karla (Cudd, Holmstrom, 2010).

Gyða Margrét Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir gera grein fyrir tengslaneti karlmanna eða “old boys network” á ensku. Það felur í sér að samskipti milli karla fari fram á óformlegu nótunum og treyst sé á gamlan kunnings- eða vinskaf. Með því eru völd karla tryggð því að karlar hyggi hver öðrum í tengslum við útteilingu gæða til dæmis stöðuveitinga. Með þessu er ekki endilega valinn hæfasti einstaklingurinn til starfsins heldur sá sem tilheyri hópnum. Kapítalismi leggur áherslu á frelsi einstaklinga og að einstaklingar komist áfram á eigin verðleikum. Gera má ráð fyrir að oftar en ekki ráði „tengslanet karla“ frekar úrslitum í stað menntunar eða reynslu um stöðuveitingar innan fyrirtækja og stofnana. Þessi tengsl hafa gert það að verkum að fagmennska er ekki alltaf í fyrirrúmi. Þetta hefur gert konum næstum ógerlegt að öðlast tækifæri og eða komast til valda innan samfélagsins (Gyða Margrét og Þorgerður, 2010). Gita Sen gerir einnig grein fyrir hvernig tengingin á milli kapítalisma og feðraveldis hefur viðhaldið enn meiri kúgun á meðal kvenna. Hún hefur haldið konum frá best launuðu störfunum og þjappar þeim saman í fábreytt láglaunastörf sem gerir konur háðari feðrum sínum og eiginmönnum (Sen, 1980).

Cudd vill meina að kapítalismi „framleiði“ ekki feðraveldi þó það fyrirfinnist vissulega í kapítalisma. Hún segir að kapítalismi geti fræðilega séð ekki stutt við feðraveldi þar sem að feðraveldi setji ákveðnar þvinganir á einstaklinga. Ólíkt kapítalisma sem boðar frelsi einstaklingsins. Þar af leiðandi getur feðraveldi ekki verið afleiðing kapítalisma, fræðilega séð (Cudd, Homstrom, 2010).

Nancy Holmstrom er hins vegar á annarri skoðun en Cudd og færir rök fyrir því að kapítalismi sé ekki hagkerfi sem taki tillit til minnihlutahópa eins og kvenna. Hún segir að kapítalismi sé á hraðri niðurleið eins og sjá megi í hinum ýmsu löndum þar sem kreppan hafi skolið á og þeir ríku verði ríkari á kostnað hinna fátæku sem verða fátækari. Hún bendir á að kapítalismi bjóði upp á tækifæri sem einstaklingar gætu hagnast á og þar af leiðandi konur. En til þess að mæla gæði kapítalisma fyrir konur þarf að skoða hann í raunverulega ljósi, í sögulegu og pólitísku samhengi en ekki einungis sem hugmyndfræði (Cudd, Homstrom, 2010).

Samkvæmt Arlie Hochschild er kapítalismi blanda af framleiðslu og neyslu. Hún undirstrikar mikilvægi þess að líta ekki einungis á kapítalisma sem efnahagskerfi heldur sem menningarkerfi. Kapítalismi skapar menningu sem segir okkur að vera

dugleg að vinna svo við getum keypt okkur það sem hugurinn girnist (Hochschild, 2005). Holmstrom bendir á að með kapítalisma hafi jafnrétti aldrei verið minna í heiminum og tekur Bandaríkin sem dæmi. Þar fara tveir þriðju hlutar af allri innkomu landsins til eins prósent landsmanna. Í því samhengi bendir hún á hversu erfitt sé að tala um lýðræði þegar mismununin sé svona mikil. Holmstrom gerir einnig grein fyrir því hvernig raunverulegt vald í samfélögum kapítalískra ríkja sé ekki í höndum stjórnvalda heldur þeirra sem eru hvað mest ráðandi í efnahagslífinu og eiga flestu eignirnar. Fólki sem á ekki neinar eignir í samfélaginu hefur þar af leiðandi takmarkað vald innan samfélagsins (Cudd, Homstrom, 2010).

Holmstrom vill meina að þróun sem hefur átt sér stað á síðustu öld og þá sérstaklega í læknavísindum sé ekki sérstaklega kapítalisma að þakka heldur þeirri iðnvæðingu og þróun sem mannkynið hefur þróað með sér (Cudd, Homstrom, 2010).

Ein af þeim ástæðum sem Homstrom telur fyrir því hversu kapítalismi er slæmur fyrir konur og allt mannkynið í raun, er að kapítalismi leiði af sér stríð. Flest stríð á 19., 20. og 21. öldinni hafa verið á milli landa, þar sem kapítalismi er ríkjandi hagkerfi, um auðlindir og markaði. Kalda stríðið var stríð á milli kapítalisma og sósíalisma sem leiddi af sér stórauðna vopnaframleiðslu, sérstaklega hjá Bandaríkjunum. Þegar kommúnisminn féll komst þó ekki friður á eins og margir vonuðust eftir. Það var vegna þess að þegar ekki var lengur hægt að nota kommúnismann sem átyllu fyrir aukna vopnaframleiðslu var ógnin við hryðjuverk notuð eða önnur „ógnandi“ lönd. Það hefur sýnt sig að konur og börn koma verst út úr stríðum. Sú vopnaframleiðsla sem hefur þróast í kapítalískri hnattvæðingu hefur leitt af sér vopn sem gætu eytt öllu mannkyni jarðar (Cudd, Homstrom, 2010). Það hefur tíðkast í gegnum tíðina og tíðkast enn að konur séu misnotaðar á stríðstímum, þá sérstaklega kynferðislega. Kynferðislegar athafnir og þunganir utan hjónabands hafa alvarlegar afleiðingar, á stöðu kvenna innan fjölskyldunnar og samfélagsins, sums staðar í heiminum. Burt séð frá því hvort að þær athafnir hafi verið með vilja konunnar eða ekki. Þær eru gjarnan útskúfaðar úr fjölskyldum og þar af leiðandi samfélaginu sjálfu. Þetta hefur í för með sér sundrung samfélagsins sem oft á tíðum er upphaflegur tilgangur misnotkunarinnar.

Þó að kapítalisminn hafi fært mörgum betri lífskjör í hinum þróaða heimi hefur hann á sama tíma aukið vesæld fátækra landa. Kapítalisminn notfærir sér bág kjör annarra landa og heldur uppi stórum verksmiðjum þar. Stærsti hluti vinnuafis í verksmiðjum eru konur sem vinna við mjög slæm skilyrði og fá lág laun. Aukin

fátækt vanþróuðu landanna hefur orðið til þess að konur hafa flust frá fjölskyldum sínum til annarra ríkra landa til að vinna fyrir sér og fjölskyldum sínum (Cudd, Homstrom, 2010).

Kapítalismi er gjarnan tengdur við hugtakið „hnattræn umönnunardeja“ sem má lýsa með eins konar „tengslaneti“ kvenna um heim allan. Hugtakið er notað um konur sem flytjast frá fátækum löndum til ríkra landa til að annast þar börn og heimili fyrir annað fólk. Þær skilja þá gjarnan sín börn eftir í umsjá annarra, þá yfirleitt kvenna. Hugtakið er sprottið af því að konur eru og voru hvattar til að fara út á vinnumarkaðinn en á sama tíma var ekki hugsað um hver ætti að taka við því hlutverki sem þær höfðu sinnt heima fyrir. Í stað þess að karlar tækju aukna ábyrgð á börnum og heimilisverkum varð þróunin sú að fá utanaðkomandi hjálp sem kom ætíð í hlutskipti kvenna. Með þessu hefur heimilisverkum og barnauppeldi verið haldið í höndum kvenna hvort sem þær hafi séð um sín eigin börn og heimili eða annarra. En með þessu er ójafnréttinu viðhaldið og velt yfir á þá sem minna mega sín (Hochschild, 2005; Þorgerður, 2010).

Lífið í Austri

Í margar aldir var hlutverki kvenna í þýsku samfélagi lýst með hinum „þremur K-um“ eða *kinder* (börn), *kirche* (kirkja), and *küche* (eldhús). Það kom í þeirra hlut að sjá um börnin, heimilið og rækta kirkju sína. Í seinni heimsstyrjöldinni breyttist hlutverk kvenna, þær þurftu í auknum mæli að ganga inn í störf karla þar sem að stór hluti af þeim var í stríði. Eftir stríðið fengu þær það hlutverk að hreinsa landið (e. women of the rubble) því það var í rúst eftir stríðsátökin. Eftir skiptingu landsins þróaðist hlutverk og sjálfsmynd þýskra kvenna eftir því hvor megin þær voru staðsettar við múrinn (Bruce, 1986).

Launuð vinna og „hin tvöfalda byrði“

Á tímum ríkissósíalisma voru konur 45–51 prósent alls vinnuafls árin 1989-90. Yfir 70 prósent af konum á vinnualdri voru vinnandi eða í starfsþjálfun. Í Austur-Þýskalandi náði þessi tala 91 prósent árið 1989. Efnahagsleg uppbygging ríkisins eftir seinni heimsstyrjöldina var meðal annars bundin stóriðjuhugmyndum. Slíkt hafði í för með sér að starfsstéttir stækkuðu og konur fóru út á vinnumarkaðinn í auknum mæli. Þetta leiddi til þess að hið félagslega kerfi breyttist. Þess fyrir utan voru sósíalísk stjórnvöld staðráðin í því að koma á jafnrétti kynjanna. Aðlögun kvenna á vinnumarkaðnum ollu stefnubreytingum hjá stjórnvöldum á árunum 1960 – 1970 sem kváðu á um að:

“Sósíalíska ríkið skyldi tryggja það að við allar aðstæður væri konum gert kleift að vera jafnar á við menn í starfi, starfsnámi og menntun og að þeim væri mögulegt að samræma þessar athafnir við skyldur sínar gagnvart börnum og heimili“¹ (Einhorn, 1993: bls 23: Lausleg þýðing, Ingunn Guðmundsdóttir,).

Þegar konur komu á vinnumarkaðinn jókst vinnuálagið þeirra til muna vegna þess að þær hættu ekki að sinna því hlutverki sem þær höfðu áður heima fyrir. Þar af leiðandi var ábyrgðin orðin mun meiri og mun erfiðara var að sinna þessum hlutverkum. Þetta hefur oft verið kallað „hin tvöfalda byrði“ (e. *double shift*) eins og áður hefur komið fram. Þessar stefnubreytingar voru vissulega viðleitni í átt að jafnrétti en á sama tíma fólu þær í sér mikla tvíbendni. Kerfið hvatti konur til þess að

¹ The socialist state shall ensure that conditions are created everywhere which enable women increasingly to live up to their equal status at work and in vocational education and to reconcile even more successfully their occupational activities with the duties they have to fulfil as mothers and within the family (Einhorn, 1993: bls 23)

fara út á vinnumarkaðinn, öðlast sjálfsstæði og ná frama en á sama tíma áttu þær að sinna heimili sínu og börnum. Til þess að gera þeim það kleift fengu þær aukna aðstoð frá ríkinu. Því hefur verið haldið fram að með þessum lögum hafi stjórnvöld fest ójafnrétti kynjanna innan veggja heimilisins enn betur í sessi (Lee Ann Banaszak, 2006). Heidmarie Wunsche Piétzka er þýskur lögfræðingur og lýsir lífi þýskra kvenna á tímum ríkissósíalisma:

"Að vissu leyti vorum við sjálfstæðar. Við vorum margar hámenntaðar og fengum góðar stöður, það er að segja aðrar en æðstu stöður innan ríkisins. En við bjuggum við tvöfalt ef ekki þrefalt vinnuálag. Konur sem unnu fullan vinnudag og báru mikla ábyrgð í vinnu sinni, urðu líka að sinna uppeldi barna sinna og reka heimili í landi þar sem skortur á nauðsynjavörum ríkti. Ég þurfti oft að fara langa leið eftir gulrótum, innkaup gátu tekið óratíma. Góð sambönd voru það sem máli skipti. Maður reyndi að komast í samband við slátraran, grænmetissalann og ostakaupmanninn og ef vel tókst til fékk maður svonefndar beygjuvörur. Þá beygðu kaupmenn sig undir búðarborðið og drógu fram vörur sem þar voru geymdar fyrir sérstaka viðskiptavinum" (Heidmarie Wunsche Piétzka, 1999).

Sósíalístum virðist ekki hafa dottið í hug að karlar gætu tekið aukinn þátt í uppeldi og heimilisverkum samhliða auknum kröfum til kvenna. Þar af leiðandi varð álagið á konur tvöfalt ef ekki þrefalt. Hugmyndir sósíalista um konur voru gerðar fyrir konur en ekki af konum. Kerfið gerði ekki ráð fyrir þeim konum sem kusu að vera ekki á hinum almenna vinnumarkaði eða eldri konum sem hættar voru að vinna. Hin fullkomna kona í sósíalísku ríki var sú sem sinnti launaðri vinnu yfir daginn og ólaunaðri þegar heim var komið. Verksmiðjur, fyrirtæki og aðrar stofnanir voru skyldugar til að ráða til sín kvenkyns vinnuáfl. Þegar konur hefðu að fullu aðlagð sig vinnumarkaðinum væri kynjajafnréttinu náð. Konur höfðu lítið val um hvort þær vildu vinna eða ekki því mikilvægt var fyrir ríkið að knýja fram þær breytingar sem áttu að leiða til jafnréttis kynjanna. Ríkið stóð fyrir mjög öflugri barnagæslu til þess að aðstoða útvinnandi foreldra og þá sérstaklega mæður. Það var engin opinber umræða innan samfélagsins um hver ætti að vinna á barnaheimilinum, heldur var gengið að því að það kæmi í hlut kvenna (Sandole-Staroste, 2002).

Á sama tíma og konur voru hvattar til að fara út á vinnumarkaðinn var þeim bannað að sinna ýmsum störfum sem talin voru hafa slæm áhrif á heilsu þeirra. Til þess að tryggja þetta voru svokölluð verndandi vinnulög sett á. Konum var bannað að lyfta þungum hlutum, vinna næturvinnu eða vera í kringum hættuleg efni svo dæmi séu tekin. Á sama tíma voru þau störf sem fólu í sér þessa ofantalda þætti hærra

launuð störf. Ef konur unnu í stóriðju, byggingarvinnu eða námum sinntu þær frekar störfum á skrifstofunni eða öðrum störfum sem þóttu síður mikilvæg. Hins vegar voru konur í miklum meirihluta í léttiðnaði eins og matar- og fataframleiðslu (Einhorn, 1993). Þetta gerði það að verkum að vinnumarkaðurinn varð mjög kynjaskiptur og mikill munur varð á launum kynjanna. Því valdameiri sem stöður voru því minni líkur voru á því að þeim væri sinnt af konum. Þó að konur hafi komið í auknum mæli á vinnumarkaðinn voru samt karlar í æðstu stöðum innan fyrirtækja og samfélagsins. Konum þótti meðal annars erfitt að sækjast eftir hærri stöðum vegna þess að þær höfðu einfaldlega ekki orku til að sinna þeim (Sandole-Staroste, 2002).

Bann kvenna frá ýmsum störfum og hið tvöfalda hlutverk sem hin „vinnandi kona“ og „móðir“ höfðu, ollu því að konur þóttu ekki jafn fýsilegur vinnukostur og karlar. Með þessum lögum var ójafnréttinu viðhaldið og fest enn betur í sessi, en vissulega á annan hátt. Konur spurðu sig á þeim tíma af hverju þessir þættir ættu ekki að ógna heilsu karla eins og kvenna? Það að karlar þóttust vita hvað væri best fyrir konur þótti ekki dæmi um viðleitni til jafnréttis (Einhorn, 1993; Łobodzińska, 1995). Atvinnurekendur sýndu konum umburðarlyndi gagnvart fríum vegna barna þeirra. Það var alfarið talið í höndum kvenna að sjá um börn og heimilið. Margar konur fóru þó sínar eigin leiðir og unnu styttri vinnudag til þess að sinna „hinu“ hlutverkinu sínu betur (Sandole-Staroste, 2002).

Fyrir utan jafnréttissjónarmið sósíalista og hugmyndum þeirra að koma á jöfnuði kynjanna lágu aðrar ástæður að baki stefnu stjórnvalda. Stjórnvöld þrýstu á konur í Austur-Þýskalandi að vinna meðal annars vegna þess að gífurlegt mannfall hafði orðið í seinni heimsstyrjöldinni þess fyrir utan hafði fólk flust til Vestur-Þýskalands í auknum mæli. Fyrir utan þessi atriði var nauðsynlegt að konur færu út á vinnumarkaðinn í fjárhagslegum tilgangi (Einhorn, 1993). Aðrir fræðimenn hafa bent á nauðsyn þess að konur sinntu launaðri vinnu vegna þess að forsendan fyrir því að vera álitinn ríkisborgari og hljóta þá þjónustu sem því fylgdi var bundið við að vera vinnandi (Einhorn, 1993).

Fjölskyldan

Sósíalíska ríkið hafði áhrif á allar hliðar fjölskyldulífsins með félagslegum stefnubreytingum sínum. Stefnubreytingarnar þóttu mjög róttækar í lagalegum skilningi. Í reynd varð útkoman blanda af hefðbundnu og framsæknu samfélagi sem

endurspegladist í flóknu og þversagnarkenndu hugmyndakerfi sem átti sér djúpar rætur í feðraveldisskipulagi (Sandole-Staroste, 2002). Ríkið veitti hverri fjölskyldu félagslegt öryggi í formi fastrar atvinnu, húsbúnaðar, samgagna, barnagæslu, ókeypis heilsugæslu sem og menntun og helstu neysluvara. Ríkinu mistókst hins vegar að veita fólki veraldleg gæði eins og það hafði lofað. Fólk þurfti því að hjálpast að til þess að útvega það sem upp á vantaði. Í því samhengi var mjög mikilvægt að vera með gott tengslanet í kringum sig sem var álitid jafn verðmætt og peningar. Þetta tengslanet var kallað Sylla (*p. Niche*) og var eins konar óformlegt efnahagskerfi fjölskyldna á milli. Niche fékk að vera í friði frá ríkinu vegna þess að ríkið var ekki í stakk búið að veita fólki það sem niche útvegaði (Sandole-Staroste, 2002).

Fjölskyldur náðu að samtvinna líf sitt samhliða ríkinu. Hugmyndir sósíalista um hið fullkomna sósíalíska samfélag náði ekki fram að ganga í raunveruleikanum. Hver og ein fjölskylda var enn jafn mikilvæg innan samfélagsins. Eina skjólið frá hinu sósíalíska ríki sem var alls staðar og allt um vefjandi var fjölskyldan. Fjölskyldan varð afdrep einkalífsins og þess vegna lagði fólk áherslu á hana. Á síðari tímum ríkis í Austri var fjölskyldan/heimilin líka vettvangur andófs. Konur sinntu áfram heimilisstörfum eins og fyrir tíma sósíalíska. Þannig voru hefðbundnar hugmyndir bornar áfram af fólkinu sjálfu. Heimilishald hélst persónulegt og kennsla og uppeldi varð ekki eingöngu í höndum ríkisins. Ríkisstofnanir eins og skólar og barnaheimili sáu þó til þess að öll börn lærðu sósíalísk gildi (Sandole-Staroste, 2002). Hjónabandið var talið mjög mikilvægt. Algengt var að fólk gifti sig ungt og stofnaði fjölskyldur. Fólk gifti sig líka til að fá eigið húsnæði og komast út frá stórfjölskyldunni. Eftir skilnað þurfti fólk svo að búa áfram saman í sömu íbúð. Um 1980 hækkaði skilnaðartíðnin mikið en það var rakið til þess að fólk gifti sig mjög ungt. Með árunum hækkaði meðalaldur þeirra sem giftu sig eða að fólk hreinlega slepti því (Sandole-Staroste, 2002).

Kjarnafjölskyldan var endurfædd sem hin „sósíalíska“ fjölskylda, þar sem útvinnandi mæður voru staðráðnar í að verða fyrirmyndar sósíalískir borgarar til viðbótar við atvinnuþátttöku þeirra. Sú hugmynd um að frelsa konuna frá ábyrgðum heimilisverkanna og barnauppeldis voru felldar inn í traust á fjölskylduna sem hornsteinn samfélagsins til að tryggja stöðugleika. Grundvallarspurningum um tengingu á milli kúgunar kvenna og fjölskyldunnar var sópað undir teppið (Einhorn, 1993). Dregin var upp hetjumynd af körlum vegna þess hversu miklir vinnuþjarkar þeir væru. Þó að konur væru betur menntaðar fengu þær ekki viðurkenningu í starfi í

samræmi við það vegna þess að fljótlega eftir að þær byrjuðu að vinna var talið að þær væru truflaðar af ást, hjónabandi, börnum og öllum þeim skyldum sem þeim fylgdu (Behrend, 1990).

Almennt

Það var engin kvennahreyfing í Austur-Þýskalandi vegna þess að þær voru bannaðar innan sósíalisma. Rökin fyrir því voru að hugmyndastefna sósíalisma boðaði algert jafnrétti kynjanna og því þótti engin grundvöllur fyrir kvennahreyfingar. Þar af leiðandi höfðu konur litla rödd innan samfélagsins til að berjast fyrir sínum réttindum. Það sem talið var kvennastefna var lagt að jöfnu við fjölskyldustefnu. Hin svokallaða kjarnafjölskylda var hornsteinn samfélagsins og var talið besta form fjölskyldu. (Łobodzińska, 1995).

Ríkissósíalismi hvatti konur ennfremur til þess að taka þátt í öðrum félagslegum störfum innan samfélagsins, svo sem störfum innan stéttarfélaga, skóla eða annarra slíkra félagsstarfa. Þetta hafði í för með sér enn aðra byrði á herðum kvenna. Lögð var áhersla á að einstaklingar væru meðlimir í sósíalíska flokknum og pólitískt virkir innan flokksins. Þó voru ekki allir sem fengu inngöngu til dæmis eins og Heidemarie (hér að ofan) vegna þess að faðir hennar var sjálfstæður atvinnurekandi (Piétzka, 1999). Konur gegndu þó sjaldnast æðstu stöðum flokksins, það var ætíð í höndum karla. Fólk var mjög meðvitað um að tala aldrei illa um flokkinn og ríkið því ef fólk gerði það átti það hættu á það bitnaði á vinnu þeirra (Sandole-Staroste, 2002). Konur voru í minnihluta í stjórnmalaflokkum. Þær sinntu frekar minna krefjandi störfum innan flokksins og á þingi vegna þess að hið tvöfalda hlutverk konunnar gaf ekki tíma í pólitísk störf þess fyrir utan voru karlar í helstu valdastöðum innan samfélagsins og val þeirra beindist frekar að körlum en konum (Łobodzińska, 1995).

Aðgangur að frírri menntun gerði öllum borgurum kleift að mennta sig og öðlast hæfni á vinnumarkaði. Í kjölfar þess að allir höfðu jafnan rétt til menntunar og atvinnu jókst hlutfall kvenna í háskólum. Eftir skólagönguna fengu karlar ákveðna starfsþjálfun og þegar henni lauk fóru þeir á vinnumarkaðinn á meðan konur fóru beint úr skólanum, jafnvel með meiri menntun en unnu þó sem ófaglært vinnuafll (Einhorn, 1993). Val Austur Þjóðverja á menntun var mjög kynjaskipt þrátt fyrir tilraunir stjórnvalda að fá stelpur til að velja tækni og raunvísindi. Val kvenna á menntun réðst af því hvað væri þægilegast að samtvinna með móður og eiginkonu

hlutverkinu. Árið 1951 voru konur rúm 21 prósent af hlutfalli stúdenta en árið 1989 hafði þetta hlutverk hækkað upp í tæp 49 prósent (Łobodzińska, 1995).

Stefnubreytingar og innkoma kvenna á vinnumarkaðinn breytti sjálfsmynd og ímynd austur þýskra kvenna. Um 1950 litu konur ekki á sjálfa sig sem mikilvæga fyrirvinnu heimilisins. 30 árum seinna hafði þessi hugsunarháttur breyst og konur litu á atvinnu sína sem mikilvægan hluta af sjálfsímynd sinni. Þetta hafði í för með sér að konur fóru að *kjósa* það að vinna jafnvel þó að þess væri ekki þörf. (Sandole-Staroste, 2002). Þegar konur voru spurðar hvort þær myndu hætta í vinnunni ef maki þeirra þénaði fyrir þau bæði, þá voru einungis 19% af konum sem svöruðu jákvætt hins vegar var 80 prósent af þeim sem vildu frekar vera í fullri vinnu (Łobodzińska, 1995). Árið 1975 sagði Erich Honeker, leiðtogi sósíalístaflokks Austur-Þýskalands að:

„Jafnrétti kynjanna væri eitt af stærstu afrekum sósíalísku hreyfingarinnar. Austur-Þýskaland hefur ekki einungis skrifað jafnrétti kynjanna í lagabækur sínar heldur hefur það verið innleitt að stórum hluta í hið almenna samfélag. Ekkert kapitalískt ríki getur státað sig af öðru eins²“ (Sandole-Staroste, 2002; Lausleg þýðing: Ingunn Guðmundsdóttir).

Fræðilega var kynjamisréttinu útrýmt en það var ennþá til staðar í öllum stofnunum samfélagsins þau 40 ár sem ríkissósíalisminn var við lýði í Austur-Þýskalandi. En vegna þess að opinberlega var búið að lýsa yfir að misréttinu væri útrýmt voru hefðbundin kynjahlutverk og almenn vakning um stöðu kynjanna ekki til staðar. Þar sem jafnrétti kynjanna hafði verið lögfest, var það notað sem tæki til þess að hafna að um hverskonar mismunun gagnvart konum væri enn ræða (Sandole-Staroste, 2002). Í þessu samhengi er gjarnan talað um bilið sem var aldrei brúað að milli raunverulegs sósíalisma (*e. real socialism*) og hugmyndafræðilegs sósíalisma (*e. ideal socialism*) (Sandole-Staroste, 2002).

² “women’s equality is indeed one of the greatest achievements of socialism, which our state has realized not only in the legal sense but to a large degree in everyday life. No capitalist country can claim anything similar

Lífið í Vestri

Launuð vinna

Í seinni heimsstyrjöldinni þurftu konur að fara út á vinnumarkaðinn vegna þess að mikið mannfall varð í stríðinu og margir karlar voru í hernum. En eftir heimsstyrjöldina hörfuðu konur aftur inn á heimilin og sinntu sínum hefðbundnu hlutverkum (Eschel M. Rhodie, 1989). Í stjórnarskrá Vestur-Þýskalands (*e. Federal Republic of Germany*) sem var stofnsett þann 23. maí 1949 var kveðið á um að karl og kona ættu að hafa jafnan rétt á öllum sviðum samfélagsins (Rhodie, 1989).

Eftir að konur fóru aftur inn á heimilin eftir seinni heimsstyrjöldina varð skortur á vinnuafli í ýmsum starfsstéttum. Í stað þess að konur færu út á vinnumarkaðinn var fengið erlent vinnuafli í þessar stöður. Um 1970 hafði orðið vakning í samfélaginu er varðaði menntun kvenna og voru þær hvattar til þess að mennta sig. Það hafði í för með sér að konur fóru að krefjast þess í auknum mæli að komast á vinnumarkaðinn og nýta menntun sína. Árið 1971 var frumvarp samþykkt þess efnis að auka ætti tækifæri kvenna í hlutastarfi innan samfélagsins. Hlutastarf gaf konum kost á að fara út á vinnumarkaðinn en sinna samt heimili og börnum. Þjónustugeirinn í Vestur-Þýskalandi stækkaði sem varð forsenda þess að eftirspurn eftir kvenkyns vinnuafli jókst. Konur sem höfðu verið „ósýnilegar“ á vinnumarkaðinum, það er sinntu óviðurkenndri vinnu heima fyrir, voru orðnar „sýnilegar“ (Pfau-Effinger, 1993).

Innan samfélagsins var mismunun kynjanna viðurkennd. Konur fengu færri tækifæri á vinnumarkaðinum, voru í minnihluta í stjórnunarstöðum og atvinnuleysi bitnaði fyrst á konum. Árið 1984 voru 38,4 prósent vinnumarkaðarins konur sem er tæpum þremur prósentum hærra en árið 1970. Aukning kvenna á vinnumarkaði hefur því ekki verið í samræmi við það sem gerðist í öðrum vestrænum ríkjum. 90 prósent af þeim konum sem voru útivinnandi dreifðust á einungis 12 mismunandi starfsgreinar árið 1982. Þessar starfsgreinar voru láglaunaðri en þær starfsgreinar sem karlar sinntu. Árið 1984 voru 44 prósent af atvinnulausum konur, þó svo að þær væru bara 38,2 prósent af vinnuafli þjóðarinnar. Ríkistjórnin setti á stofn sérstaka nefnd til að reyna að bæta jafnrétti kynjanna. Lög voru til um mismunun kynjanna á vinnustað en voru almennt ekki notuð fyrr en 1980 (Rhodie, 1989).

Þó að konur hefðu jafnan rétt og karlar í öllum störfum og stöðum innan samfélagsins endurspegladist það ekki í hlutfalli kvenna í ýmsum starfsstéttum. Árið 1983 voru 30 prósent lagastúdenta konur en af starfandi lögfræðingum voru einungis 10,8 prósent konur. Sama ár voru konur tæplega 15 prósent dómara í ríkisdómstólum og tæp fimm prósent í landsdómi en áratug áður voru þær einnig fimm prósent af öllum dómurum. Á þessu má sjá að frá árunum 1975-1984 hafði lítið þokast áfram í jafnréttismálum í þessari starfsstétt. Þó svo það væri lögbundið að konur og karlar ættu að fá sömu laun fyrir sömu vinnu, fengu konur fjórðung til þriðjung lægri laun en karlar. Starfssvið kvenna spannaði einnig færri tegundir starfa en karla. Árið 1979 voru einungis tvö prósent af prófessorum í Háskólum konur (Rhodie, 1989).

Fjölskyldulíf

Í Vestur-Þýskalandi voru mjög hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjanna innan samfélagsins. Karlar voru fyrirvinna fjölskyldunnar og konur sáu um heimilið og börnin (*e. male breadwinner marriage*). Konur voru því efnahagslega háðar eiginmönnum sínum að öllu leyti. Félagslegt öryggi og samfélagsstaða kvenna var því upp á karla komin. Þetta var svokölluð kjarnafjölskylda og var hornsteinn samfélagsins, þetta fjölskylduform var stutt og styrkt af ríkinu. Hjónabandið tryggði konum ákveðna félagslega stöðu og reglulega innkomu sem þýddi að konur þurftu ekki að vera útvinnandi til þess að lifa af. Það að ganga í hjónaband og eignast börn þýddi það að konur fóru ekki aftur á vinnumarkaðinn, ef þær fóru, fyrir en börn þeirra fóru að heiman. Konum var bannað að vinna í Vestur-Þýskalandi nema ef um hlutastarf var að ræða. Konur höfðu ekki sömu réttindi og karlar í hjónaböndum þar sem þær gátu ekki sótt um skilnað. Árið 1976 voru hins vegar gerðar lagabreytingar sem leiddu til þess að báðir aðilar hjónabandsins urðu jafnréttáir og konur gátu sótt um skilnað (Pfau-Effinger, 1993).

Konur sáu um að þrifa, versla inn, elda matinn, sjá um börnin og hugsa um eldra fólk. Karlar sáu hins vegar um ákveðið viðhald og aðra smáa hluti innan heimilisins. Rannsóknir hafa sýnt fram á að verkaskipting kynjanna á húsverkum breyttist ekki neitt í samræmi við aukið vinnuframlag kvenna á hinum almenna vinnumarkaði. Ríkið tók nánast engan þátt í því að komast til móts við fjölskyldur með barnagæslu eða annarri ríkisaðstoð samhliða auknu vinnuframlagi kvenna. Þar af leiðandi þurftu þær að sinna tvöfaldri vinnu (*e. double shift*) líkt og stöllur þeirra í Austri (Rerrich, 1996). Í stað þess að verkaskiptingu heimilanna yrði dreift jafnt á

báða aðila átti sér stað ný þróun stað. Aðrar konur voru fengnar inn á heimilin til aðstoðar þar sem báðir aðilar voru útivinnandi. Þessi þróun hefur verið nefnd „Hnattræn umönnunarkæja“ og hefur verið tengd við kapítalisma, samanber fyrri umfjöllun. Konur voru því farnar að skipta með sér heimilisverkum hver annarrar. Þessar „aðrar“ konur gátu verið ömmur, nágrannar eða vinkonur eða sérstakar barnfóstrur og konur sem sinntu þrifum. Ef þessar „aðstoðarkonur“ voru ekki beintengdar konunum sjálfum voru þær oftast en ekki af öðrum uppruna og þá gjarnan frá Austur Evrópu (Rerrich, 1996).

Af þessu má dæma að aukin þátttaka kvenna á hinu opinbera sviði hafi þótt ásættanleg ef sú hefðbundna vinna sem hafði alltaf verið í verkahring kvenna héldist þar. Aukið jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði hafði því í för með sér aukið ójafnrétti á milli kvenna (Rerrich, 1996; Henz, 2008). Yngra fólk var þó mun líklegra til að skipta verkum heimilisins niður frekar en eldra fólk. En mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki útivinnandi konum að kenna hvernig verkaskiptingin hefur þróast og aukið á ójafnrétti milli kvenna. Með litlum sem engum stuðningi við konur á vinnumarkaðinum og þegar samfélagið skilgreindi heimilisverk ekki sem vinnu er eðlilegt að konur leiti annarra ráða. Því hefur verið haldið fram að feðraveldið hafi verið nútímavætt með þessum hætti (Rerrich, 1996).

Árið 1949 urðu lagabreytingar sem meðal annars fólu í sér að lög um fæðingarorlof var breytt. Þau kváðu á um að sérhver vinnandi kona fengi fjögurra mánaða orlof eftir fæðingu. Þær sem ekki voru útivinnandi höfðu tækifæri á að fá pening mánaðarlega í 10 mánuði eftir fæðingu barns. Leikskólar voru víða fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára en mjög erfitt var að fá gæslu fyrir börn yngri en þriggja ára. Aðeins fjögur prósent af börnum yngri en þriggja ára aldri voru vistuð á barnaheimilum. Börn dvöldust þó sjaldnast lengur en fjóra tíma á dag á leikskóla. Fyrstu tvö ár barna í skóla voru þau á milli tvo til fimm tíma í skólanum á hverjum degi. Eldri börn voru aðeins lengur í skólanum en voru send heim í mat í hádeginu sem var á ábyrgð mæðra sem og heimanám og aðrar frístundir (Rerrich, 1996). Það var ekki algengt að stór fyrirtæki hefðu sérstaka barnagæslu fyrir starfsmenn sína líkt og tíðkaðist víða annars staðar því var barnaumönnun alfarið í höndum kvenna (Rhodie, 1989).

Í Vestur-Þýskalandi voru fóstureyðingar refsiverðar, viðurlögin voru ein þau ströngustu sem fundust í Evrópu á þeim tíma. Þetta hafði í för með sér að konur í Vestur-Þýskalandi fóru til annarra landa til þess að fara í fóstureyðingu. Árið 1976

voru lög um fóstureyðingar endurskoðuð. Konur máttu fara í fóstureyðingu fyrstu þrjá mánuði meðgöngunnar ef sérstakar ástæður lægju til grundvallar. Ástæðurnar þurftu að vera læknisfræðilegar; félagslegar; þar sem að fóstureyðing væri algjörlega óhjákvæmileg eða ef getnaður hefði átt sér stað með glæpsamlegum hætti. Margt var gert til þess að koma í veg fyrir fóstureyðingar, til að mynda aukinn fjárhagslegur stuðningur við konur til að minnka áhyggjur af fjármálum á meðgöngu. Til þess að mega fara í fóstureyðingu þurftu konur að fara til tveggja sjálfstæðara lækna og fara í sérstaka ráðgjöf (Rhodie, 1989).

Ameríkuvæðingin

Ameríkuvæðingin eða kapítalisminn kom til Vestur-Þýskalands á 6. áratug síðustu aldar. Vestur-Þýskaland varð iðnvæddara með „amerísku leiðinni“ að starfsþjálfun og kjarasamningum undanskildum. Í lok sjöunda áratugarins var Vestur-Þýskaland með hvað mestu efnahagslegu völd innan Evrópu og um 1980 töldust Þýskaland og Japan til farsælustu kapítalísku hagkerfa jarðarinnar. Bandaríkin náðu þó yfirhöndinni um alheimsyfirráð um 1990. Þýskaland var þegar orðið fyrir áhrifum frá Ameríku fyrir fyrri heimstyrjöldina en með henni komu alls konar neysluvörur eins og bílar, uppvöskunarvélar og margt annað tengt tæknimenningu. Eftir heimsstyrjöldina tók Ameríkuvæðingin stefnubreytingu. Aukin vopnavæðing varð í Vestri til að sýna yfirburði yfir þeim í Austri. Amerískar kvikmyndir og tónlist komu í kjölfar Ameríkuvæðingarinnar sem þótti vera kærkomin dægrastytting í dapurlegu andrúmslofti sem varð í kjölfar heimstyrjaldarinnar (Nolan, 2005).

Neysluhyggjan jókst í Vestur-Þýskalandi í kjölfar kapítalismans. Framleiðendur heimilisvara beindu spjótum sínum sérstaklega að konum með auglýsingum sínum. Ímynd hinnar amerísku konu í Þýskalandi vakti hrifningu sumra en skapaði ótta hjá öðrum, en hafði þó takmörkuð áhrif. Áhrifinna gættu þó helst þegar kom að kynþokka og tísku. Konur voru „hvattar“ til að vera meðvitaðri um líkama sinn og útlit. Fegurð og kynþokki varð að söluvöru þar sem konur urðu ginnkeyptar fyrir því að líta betur út. Konur sem neytendur voru stimplaðar inn í samfélagsgerðina, sem og líkamar þeirra. Ímynd hinnar vinnandi móður var ríkjandi í Austri á meðan ímynd hinnar heimavinnandi móður var ríkjandi í Vestri. Ameríkuvæðingin var notuð til þess að gleyma liðnum atburðum og gerði Vestur þjóðverjum kleift að horfa til framtíðar með bjartari augum. Ameríkuvæðingin var

talin mikilvægur þáttur í því að byggja upp lýðræðið aftur og ná fyrri styrk (Nolan, 2005).

Kvennasamtökin

Í Vestur-Þýskalandi voru sérstök kvennasamtök sett á laggirnar á síðari hluta 6. áratugar 20. aldarinnar. Það var gert til þess að styðja við jafnrétti kynjanna og búa til vettvang innan samfélagsins til að ræða mál kvenna. Í seinni heimstyrjöldinni sáu konur frekar í stjórnunar- og valdastöðum innan samfélagsins en eftir stríðið varð það mun sjaldgæfara. Hefðbundin karlastörf urðu að almennum störfum. Það má rekja til fjölda þeirra karla sem tóku þátt í stríðinu og voru því fjarverandi og sneru aftur að því loknu. Á 19. öld höfðu kvannahreyfingar brotist fram líkt og í Ameríku og farið fram á kosningarétt kvenna. Konur hlutu kosningarétt árið 1919 í Þýskalandi.

Önnur bylgja kvannahreyfinganna skall á strax eftir seinni heimstyrjöldina. Femínistar fengu þó lítinn hlómgrunn innan kerfisins auk þess voru margar konur almennt sáttar við sín hlutskipti í lífinu (Wunsche Piétzka, 1999). Þær spruttu uppfrá stúdentahreyfingum þegar konur fóru að veita ríkjandi feðraveldi aukna athygli. Síðari kvannahreyfing Vestur-Þýskalands byrjaði um 1970 þegar blaðakonan Alice Schwarzer skipulagði herferð með yfirskriftinni „Ég hef farið í fóstureyðingu“. Á þeim tímum voru fóstureyðingar refsiverðar. Margar konur líkt og hún stigu fram og viðurkenndu slíkt hið sama. Á þessum tíma urðu konur meðvitaðri um feðraveldið sem var ríkjandi í samfélaginu. Tveimur árum áður höfðu sósíalísku- þýsku stúdentasamtökin (SDS) gert slíkt hið sama og mótmælt misrétti kynjanna og ríkjandi feðraveldi. „Karlar gerðu allt sem krafðist hugsana en konur komu þeim hugsunum í verk“³ var slagorð herferðarinnar. (Schlaeger og Vedder, 1978). Árið 1977 áttu kvannahreyfingarnar hlut að máli að frumvarp þess efnis að konur hefðu jafnan rétt á við karla til sækja um skilnað. Konur gátu unnið úti og sótt um skilnað án leyfis frá eiginmönnum sínum. Skilnaðir voru einungis heimilaðir ef þeir voru síðasta úrræðið. Þrátt fyrir það náðu kvannahreyfingarnar ekki fótfestu og fengu ekki áheyrn innan kerfisins.

Með árunum myndaðist mikil togstreita á milli kvennasamtaka, borgara (*e. bourgeois*), vinstri flokka og stúdentasamtaka í Vestur-Þýskalandi og voru þessir hópar sammála um fátt. Helstu ágreiningsefni þeirra beindust að pólitískri hugmyndafræði hópanna. Hvort þeir væru vinstri- eða hægrisinnaðir. Hópunum fundust hugmyndir

³ „Men did the head work and women the leg work“ ((Schlaeger, Vedder, 1978).

hver annarra fráleitar og neituðu að vinna saman. Í stað þess að standa saman og vinna að hagsmunum kvenna í sameiningu unnu þeir hver gegn öðrum þannig að ávinningurinn varð lítill af baráttu þeirra (Schlaeger, Vedder, 1978). Kvinnahreyfingar í Vestur-Þýskalandi (*e. The German Women's Movement*) voru ekki aðgengilegar öllum konum. Það þóttu vera forréttindi að vera þátttakandi í kvinnahreyfingu og til þess að fá að vera með þurftu konur að vera í „öruggri“ stöðu innan samfélagsins, það er að segja vel giftar. Konur af lægri stéttum samfélagsins voru útskúfaðar og gerði hreyfingin ekkert þeim til stuðnings. Kvinnahreyfingar í Vestur-Þýskalandi virðast einungis hafa verið til í fræðilegu samhengi en gerðu lítið í raunveruleikanum (Schlaeger, Vedder, 1978).

Hvað stjórnsmál varðar voru konur í miklum minnihluta bæði þegar kom að borgar-og landspólítík. Á árunum 1953 – 1989 voru konur hlutfallslega mjög fáar af kjörnum fulltrúum á þinginu (*þ. Bundestag*). Hlutfall þeirra fór minnst niður í 6,2 prósent (1969) en mest upp í 15,4 prósent (1987) á þessum árum. Vinstri flokkurinn í landinu hafði þó hvatt konur til að taka aukinn þátt og stefndi að því að hlutfall þeirra yrði 30 prósent í lok árs 1989. Jane Hall sérfræðingur í hlutverki kvenna í þýskum stjórnsmálum hefur haldið því fram að karlar væru mjög opnir fyrir því að konum fjölgaði í hinum ýmsu starfsstéttum svo framarlega sem það ætti ekki við þeirra starfsstéttir (Rhodie, 1989).

Sameining Þýskalands

Fall járntrjaldsins og lok ríkissósíalisma í Austur-Evrópu hafði í för með sér að þann 9. nóvember 1989 var Berlínarmúrinn rifinn niður. Þýskaland varð sameinað að nýju með sameiginlegan efnahag og peningastefnu. Þetta hafði í för með sér mjög róttækar breytingar í Austur-Þýskalandi þar sem að Vestur-Þýskaland tók bókstaflega yfir Austur-Þýskaland. Hraðar breytingar urðu á atvinnulífinu sem og öllum stofnunum samfélagsins. Vestur-Þýskaland hélst tiltölulega óbreytt. Í kjölfar sameiningarinnar breyttist vinnustaða austur-þýskra kvenna aftur. Sú breyting samanstóð af mörgum þáttum, meðal annars stefnubreytingum, endurskipulagningu í iðnaði og öðrum starfsgreinum og skyndilegu atvinnuleysi.

Sáttmáli milli Vestur- og Austur-Þýskalands til að koma á fót sameiginlegri peningastefnu og efnahagsstefnu ásamt því að mynda samfélag, var undirritaður þann 8. maí 1990 af körlum einungis. Aðeins ein grein sáttmálans varðaði konur:

„Taka skal tillit til hagsmuna kvenna og fatlaðra“⁴ (Sandole-Staroste, 2002, 3; lausleg þýðing, Ingunn Guðmundsdóttir).

Fyrir sameininguna höfðu hin þýsku ríki ólíkar stefnur og sjónarmið hvað viðkom jafnrétti á vinnumarkaði. Eftir sameininguna breyttust þessar stefnur í báðum hlutum landsins. Um fjögurra áratugaskeið voru konur hvattar, hver sínum megin við múrinn, með ólíkum hætti að tvíanna saman launaða og ólaunaða vinnu. Í Austri voru konur hvattar og beinlínis skyldugar til að vinna fulla vinnu þó að þær væru mæður. Í Vestri var konum frekar aftrað frá að vinna fulla vinnu og ef þær kusu að vinna var hlutastarf það eina sem stóð þeim til boða (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004).

Staða kvenna í Austur-Þýskalandi versnaði mjög eftir að Þýskaland var sameinað. Það var komið til vegna þess að konur höfðu verið hvattar til að fara út á vinnumarkaðinn en til þess að það gengi upp var komið til móts við þær með ýmsum hætti. Þær fengu aukið svigrúm í vinnunni vegna barna sinna og sérstaklega ef þær voru einstæðar. Árið 1991 voru þessi réttindi afnumin þannig að eftir stóð enn þyngri byrði á herðum kvenna; að vera útvinnandi ásamt því að sjá um heimilið án hjálpar. Þetta hafði í för með sér að konur eða einstæðir foreldrar (oftast mæður) fóru ekki aftur út á vinnumarkaðinn eftir að börn þeirra komust á skólaaldur. (Łobodzińska,

⁴ (e. Consideration shall be given to the interests of women and disabled persons). (Ingrid Sandole-Staroste, 2002, 3).

1995; Einhorn, 1993). Eftir sameininguna varð allt að 40 prósent atvinnuleysi í Austur-Þýskalandi. Sósíalískar vinnulöggjafir er varða öryggi starfsmanna voru lagðar af auk þeirra fríðinda sem fylgdu því að vera útivinnandi. Mikill niðurskurður varð í frírri heilsugæslu og menntun. Nærri þrjár milljónir starfa hafa glatast síðan sameiningin átti sér stað. Þrengingar á vinnumarkaði orsökuðust af: verksmiðja sem hættu starfssemi, einkavæðingu, minni atvinnu og aukinni keppni um þau störf sem eftir voru. Á árunum 1989 – 1993 voru um það bil tvæ milljónir flóttamanna sem flúðu til Þýskaland frá Austur-Evrópu vegna stríðs og erfiðs ástands í heimalandi sínu. Það olli enn meira atvinnuleysi, hærri sköttum og húsnæðisleysi (Łobodzińska, 1995). Árið 2000 var enn töluvert meira atvinnuleysi meðal kvenna í Austri en í Vestri. Um 20 prósent kvenna voru atvinnulaus og 18 prósent karla í Austri á móti 9 prósent hjá báðum kynjum í Vestri. Lengri tími atvinnuleysis og herra hlutfall atvinnulausra austur-þýskrar kvenna eftir sameininguna hefur oft verið túlkað sem svo að þær hafi látið í minni pokann fyrir vestur þýskum konum. En með tímanum hefur sú sýn orðið fjarlægari eftir að málið var skoðað til hlítar (Rosenfeld, Trapp og Gornick, 2004).
heimild

Eftir sameininguna hækkaði hlutfall kvenna á vinnumarkaðinum í Vestur-Þýskalandi upp í 62 prósent en atvinnuþátttaka karla beggja megin var um 80 prósent. Atvinnuþátttaka kvenna í Austri minnkaði því hún fór úr 90 prósentum í 72 prósent en samt sem áður var kynjamunurinn minni í Austri en í Vestri. Það ósamræmi sem var á milli atvinnuþátttöku kvenna í Þýskalandi kom til vegna þeirrar neyðar sem skapaðist þegar heimilin í Austri þurftu á tveimur fyrirvinnum að halda auk þess voru konur í Austri efnahagslega sjálfstæðari en þær í Vestri. Konur í Vestur-Þýskalandi voru einnig líklegri til að draga sig til hlés á vinnumarkaði og skrá sig atvinnulausar. Sjálfsmýnd austur-þýskrar kvenna hefur einnig mótast af því að hafa verið út á vinnumarkaðinum. Margt bendir til þess að þeim hafi líkað það vel vegna þess að einungis fimm prósent kvenna í Austri sagðist ekki vilja fara aftur á vinnumarkaðinn samanber 14 prósent kvenna í Vestri (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004). Menntun kvenna frá Austur-Þýskalandi varð ekki metin eins og áður. Flestar konur voru í störfum þar sem menntun þeirra nýttist ekki. Konum frá Austur-Þýskalandi var mismunað gagnvart konum frá Vestur-Þýskalandi á hinum almenna vinnumarkaði.

Stefnur og stofnanir urðu einsleitari í báðum hlutum landsins eftir sameininguna en þó með undantekningum. Framlag ríkisins til barnaumönnunar var töluvert meira í austurhlutanum og hlutfall starfa innan hins opinbera voru fleiri.

Þessar skyndilegu breytingar bitnuðu verst á efnahag Austur-Þýskalands en breytingarnar höfðu í för með sér mikinn samdrátt í eftirspurn eftir vinnuafli. Í lok ársins 1989 voru 9,6 milljónir manna útivinnandi en sú tala lækkaði niður í 6,4 milljónir árið 1995 (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004). Þessar breytingar voru ekki „kynhlutlausar“ því þær höfðu töluvert meiri áhrif á konur en karla. Þó svo atvinnuþátttaka kvenna í Austur-Þýskalandi hafi enn verið frekar há hefur hlutfall atvinnulausra kvenna hækkað mikið. Þrátt fyrir þessar breytingar, vinna konur í Austri fleiri launaðar vinnustundir á viku en kynsystur þeirra í Vestri. Launamunur kynjanna hefur lækkað í Austri ef miðað er við í Vestri en kynjaskipting vinnumarkaðarins hefur haldist við það sama í báðum hlutum landsins (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004).

Þegar sameining Þýskalands gekk í gegn héldu austur-þýskar konur að hagur þeirra myndi vænkast en þær sáu fljótlega að lífið fyrir konu í Vestur-Þýskaland var ekki eins frábært eins og Vestur Þjóðverjar höfðu gefið til kynna. Þeim fannst illa að þeim vegið bæði efnahagslega og félagslega. Austur-þýskir karlar höfðu vanist þeirri hugsun og hugmynd að konur væru jafn virkar á vinnumarkaðinum eins og karlar og sáu því samfélagslega stöðu kvenna sem órjúfanlegan þátt af vinnumarkaðinum. Aftur á móti voru hugmyndir vestur-þýskra karla mun hefðbundnari og almenn viðhorf þeirra til kvenna var að þær ættu að sjá um heimilið og börnin (Sandole-Staroste, 2002).

Að mati Vestur Þjóðverja lifðu Austur Þjóðverjar í alræðisríki að hætti Lenín, þar sem allt var mjög strangt og miðstýring mikil. Raunveruleikinn var mun flóknari en svo. Daglegt líf var í frekar föstum skorðum fyrir austur-þýskar konur en það var ekki eins strangt og erfitt eins og myndin sem var dregin upp í Vestri. Lífið var hins vegar fullt af óvæntum upþákomum og mótsögnum sérstaklega síðasta áratuginn Austur-Þýskaland féll. Austur-þýskar konur fóru ekki alltaf eftir reglum sósíalískra ríkisins ef þær flæktu líf þeirra enn frekar. Þær nýttu sér tækifæri varðandi vinnu og menntun og voru duglegar að sinna opinberum skyldum sínum (Ingrid Sandole-Staroste, 2002). Þegar konur austan og vestan megin múrsins fóru að hafa tækifæri á að tala saman um fjölskylduna varð oft mikill misskilningur þeirra á milli. Eftir seinni heimsstyrjöldina þróuðust landshelmingarnir menningarlega hvor í sína áttina. Fólkið í landinu hafði ólíkar skoðanir á fjölskyldunni, hlutverki hennar og tilgangi. Þegar konur í Austri voru gagnrýndar af konum í Vestri héldu þær að gagnrýnin beindist fyrst og fremst að fjölskyldum þeirra og börnum vegna þess að konur frá Vestri höfðu

eignast færri börn en þær frá Austri. En gagnrýni vestur-Þýskra kvenna snérist um það hvernig konur samþykktu fjölskyldustefnu stjórnvalda (Łobodzińska, 1995, Rosenfeld, Trappe, og Gornick, 2004)

Sósíalísku ríkjunum mistókst að koma á algjörum jöfnuði í launamálum kynjanna, Austur-Þýskaland var engin undantekning í þeim málum. Launamismunur kynjanna var svipaður í öllu Þýskalandi eða um 25 prósent. Áratug eftir sameiningu Þýskalands var launamunurinn svipaður eða 23 prósent í opinbera geiranum en 27 prósent í einkageiranum. Launamunur kynjanna í Austur-Þýskalandi minnkaði eftir sameiningu Þýskalands. Það er þó ekki talið vegna þess að laun kvenna hafi hækkað heldur vegna þess að ófaglærðum konum var ýtt út af vinnumarkaðinum þannig að meðallaun austur-þýskra kvenna hækkaði. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að töluvert meira jafnrétti ríkti varðandi verkaskiptingu á heimilum í Austur-Þýskalandi en í Vestur-Þýskalandi. Eftir sameininguna urðu hlutskipti kynjanna ekki jafnari en munurinn á milli landshluta minnkaði. Konur eyddu að meðaltali um tvöfalt meiri tíma í heimilisverk en karlar í báðum hlutum landsins. Verkaskipting í Vestri varð jafnari á milli kynjanna en varð meiri í Austri en það er rakið til þess að konur áttu erfiðara með að komast inn á vinnumarkaðinn heldur en karlar. Viðhorf Þjóðverja gagnvart útvinnandi mæðrum var einnig mismunandi eftir skiptingu landsins. Fólkið í Austri var með jákvætt viðhorf gagnvart því að konur færu aftur út á vinnumarkaðinn þegar þær væru orðnar mæður og var varla marktækur munur á viðhorfum kynjanna. Aftur á móti voru viðhorfin mun hefðbundnari í Vestri og mikill munur var á viðhorfum kynjanna (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004).

Samanburður ríkjanna tveggja

Stjórnvöld beggja ríkjanna höfðu ólíkar skoðanir á hvert hlutverk kvenna væri í samfélaginu, sérstaklega hvort að konur gætu samtvinnað atvinnu (launaða) og heimili. Í Austri voru þær hvattar til þess að fara út á vinnumarkaðinn en í Vestri var unnið gegn því að þær færu á vinnumarkaðinn. Atvinnuþátttaka kvenna í Austur-Þýskalandi var með því mesta í heimi. Árið 1989 voru yfir 90 prósent kvenna útvinnandi á móti 92 prósent af körlum. Á sama tíma voru einungis 56 prósent kvenna í Vestur-Þýskalandi útvinnandi á móti 83 prósent karla. Í Austri réðst atvinnuþátttaka kvenna ekki af neinum utan að komandi þáttum eins og hjúskaparstöðu eða hvort að konur væru mæður. Sagan var önnur í Vestri þar sem atvinnuþátttaka var mjög viðkvæm gagnvart barnafjölda og hver samfélagsstaða kvenna var (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004)

Launuð vinna

Misrétti kynjanna á vinnumarkaðnum var til staðar í báðum hlutum landsins. Konur fengu að meðaltali lægri laun en karlar, að hluta til vegna þess að þær unnu færri vinnustundir. Í Austur-Þýskalandi fengu menntaðar konur ekki vinnu sem samræmdist þeirra þekkingu og reynslu og unnu oft sem ófaglært vinnuafl. Þær sættu sig oft við það ef sú vinna samtvinnaðist betur fjölskyldulífinu (Trappe, Rosenfeld, 1998). Í Austur-Þýskalandi voru konur hvattar til þess að fara á hinn almenna vinnumarkað og til þess að gera þeim það kleift fengu þær aukna ríkisaðstoð til þess að sinna heimili og börnum. Þetta var gagngert til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna auk þess skorti vinnuafl eftir seinni heimsstyrjöldina. Ímynd hinnar austur-þýsku konu var „hin vinnandi móðir“. Stjórnvöld í Vestur-Þýskalandi hvöttu hins vegar konur til þess að vera heimavinnandi og þeim var einungis „leyft“ að vinna ef það truflaði ekki störf þeirra heima fyrir allt til ársins 1977. Sú vinna var oftast í formi hlutastarfs (Banazak, 2006).

Innkoma kvenna á vinnumarkaðinn, bæði í Austri og Vestri, hafði þær afleiðingar að álagið á konur jókst. Vegna þess að eiginmenn þeirra tóku ekki á sig aukna ábyrgð í samræmi við aukið vinnuframlag kvenna. Í þessu samhengi hefur verið talað um hina tvöföldu byrði sem hvíldi á bæði konum í Austri og Vestri. Stjórnvöld í Austri reyndu þó að komast til móts við þetta aukna álag með

ríkisbarnaheimilum. Til að auðvelda konum í Vestri fengu konur nánast enga aðstoð frá ríkinu en leituðu hjálpar hjá öðrum konum í kringum sig eða fengu til sín erlent vinnuafli sér til aðstoðar. Álagið hefur þó verið meira á konum í Austri en í Vestri vegna þess að þær voru að jafnaði með lengri vinnudag.

Atvinnumögleikar kvenna í Vestri voru minni en kvenna í Austri. Í Austur-Þýskalandi var „grafið“ undan veldi karla á heimilum þar sem að konur urðu efnahagslega sjálfstæðari í kjölfar innkomu þeirra á vinnumarkaðinn. Þær gátu sótt um skilnað ef þær vildu og voru ekki háðar eiginmönnum sínum. Aftur á móti voru konur í Vestri algerlega upp á menn sína komnar. Ef kona hafði verið á hinum almenna vinnumarkaði gaf hún upp starfsframa sinn eftir að hún hafði stofnað fjölskyldu til þess að sjá um heimilið og börnin. Um 98 prósent vestur þýskra-kvenna tóku fæðingarorlofið og aðeins 47 prósent fóru aftur út á vinnumarkaðinn. Á vinnumarkaðinum var konum frekar refsað fyrir að eiga börn á meðan körlum var umbunað í Vestur-Þýskalandi (Łobodzińska, 1995).

Í Vestur-Þýskalandi fengu konur 65-70 prósent af launum karla en í Austur-Þýskalandi fengu konur um 76-84 prósent af launum karla. Vinnulaun í Austri voru ákveðin af ríkinu þar sem að flest fyrirtæki voru í eigu ríkisins og laun því í samræmi við það. Í Vestri voru fyrirtæki hins vegar í eigu einkaaðila og réðust því launin eftir samkomulagi eða framboði og eftirspurn á markaðinum. Launamunurinn lá því aðallega í vinnuframlagi og vinnutíma þýskra kvenna. Vinnumarkaðurinn var mjög kynjaskiptur í báðum landshlutunum. Starfsstöður fóru eftir kyni frekar en hæfni og það sama gilti um launin. (Einhorn, 1993). Karlar höfðu talsvert hærri laun en konur sérstaklega þar sem að þeir sinntu frekar hærri stöðum innan fyrirtækja og stofnana. Austur-Þjóðverjar unnu launaða vinnu að meðaltali um 43,75 klukkustundir á viku. Hjá konum sem áttu tvö börn undir 16 ára aldri var vinnuvikan að meðaltali um 40 klukkustundir á viku á almennum vinnumarkaði. Vestur-Þjóðverjar unnu á bilinu 36 – 39 launaðar vinnustundir á viku. Svipað hlutfall kvenna vann við hlutastörf í báðum hlutum landsins en konur í Austri unnu þó talsvert fleiri stundir á viku en konur í Vestri (Rosenfeld, Trappe og Gornick, 2004).

Viðhorf kvenna til atvinnu voru mjög mismunandi eftir landshlutum. Í Austur-Þýskalandi hefur launuð vinna mótað sjálfsmynd og ímynd austur-þýskra kvenna. Þær myndu frekar kjósa að vinna fulla vinnu frekar en við hlutastarf. Á meðan konur í Vestur-Þýskalandi myndu frekar kjósa að vera hlutastarfsmenn. Atvinna fyrir konur í Austri skipti mun meira máli fyrir þær heldur en konur í Vestri vegna þess að konur í

Vestri þurftu að forgangsraða hvort þær vildu ná starfsframa eða vera „fyrirmyndar“ húsmæður.

Fjölskyldulíf

Vestur-þýsk stjórnvöld styrktu enn frekar í sessi þau hefðbundnu kynjahlutverk að hlutverk karla sé fyrirvinna fjölskyldunnar á meðan hlutverk kvenna væri að vera eiginkona og móðir. Austur-þýsk stjórnvöld höfðu það að markmiði að útrými misrétti kynjanna á öllum sviðum og stofnunum samfélagsins. Eins og áður hefur komið fram mistókst sósíalískum stjórnvöldum að ná algeru jafnrétti en náðu árangri í atvinnumálum sem hafði í för með sér aukið sjálfstæði kvenna.

Fjölskyldu umhverfi ríkjanna tveggja var mjög ólíkt. Í Austri giftist fólk ungt en gat sótt um skilnað ef það vildi og þegar það vildi. Þegar fólk gifti sig og eignaðist börn fékk það sitt eigið húsnæði. Mikill vöruskortur var sem leiddi til þess að oft þurftu að fara langar leiðir til þess að útvega vörur. Það var yfirleitt í höndum kvenna en í því samhengi var mikilvægt að vera með gott tengslanet í kringum sig. Í Vestri gátu karlar einir sótt um skilnað allt til ársins 1976 þegar konur öðluðust sömu réttindi. Neysluhyggja Vestur-Þjóðverja gerði vart við sig með Ameríkuvæðingu ríkisins. Heimilisverk og barnauppleidi virðist hafa haldist í höndum kvenna í báðum hlutum landsins. Ríkisbarnaheimlin í Austri voru nánast eingöngu mönnum af konum eins og leikskólar í Vestri. Sú aðstoð sem konur fengu í Vestur-Þýskalandi var einnig sinnt af konum. Með þessu jókst ekki jafnrétti kynjanna heldur hafði í för með sér aukið ójafnrétti kvenna á milli. Viðhorf karla gagnvart því að konur færu út á vinnumarkaðinn var mun íhaldssamara í Vestri en í Austri en þar voru karlar vanir þeirri hugmynd að hjón/pör deildu með sér fyrirvinnuhlutverkinu. Verkaskipting heimilanna virðist þó hafa orðið jafnari í báðum hlutum landsins hjá yngra fólki (Rerrich, 1996).

Í valdatíð Hitlers urðu viðurlög við fóstureyðingum í Þýskalandi strangari en þau höfðu áður verið. Eftir seinni heimsstyrjöldina héldust lög in í báðum hlutum landsins. Austur-Þjóðverjar urðu þó fyrri til að rýmka löggjöfina. Konur gátu farið í fóstureyðingu á fyrstu þremur mánuðum meðgöngunnar. Viðhorf Austur-Þjóðverja urðu frjálslýndari með tímanum gagnvart fóstureyðingum sem er rakið til innkomu kvenna á vinnumarkaðinn (Banazsak, 1998). Í Vestur-Þýskalandi voru hins vegar mjög ströng viðurlög við fóstureyðingum. Árið 1976 breyttust lög in þannig að konur gátu farið í fóstureyðingu á grundvelli mjög strangra skilyrða (Rhoodie, 1989). Rökin

á móti fóstureyðingum hafa falist í því að við getnað verði til líf sem skal verja upp frá því. Andstæðingar fóstureyðinga hafa haldið því fram að fóstur sé einstaklingur og því sé fóstureyðing brot á mannréttindum. Rökin með fóstureyðingum fela hins vegar í sér að konur eigi að hafa frelsi yfir eigin líkama og geti því stjórnað því sjálfar vilji þær binda endi á meðgöngu. Fylgismenn fóstureyðinga telja að fóstureyðingar séu mannréttindi og vegið sé að kvenfrelsi séu þær bannaðar (Andri Óttarsson, 2001). Konur hafa á öllum tímum orðið barnshafandi án þess að hafa til þess aðstæður, getu eða vilja til að ala og annast barn. Þannig er veruleikinn sem við búum við nú á tímum og aldrei verður hægt að koma í veg fyrir að konur verði af einhverjum ástæðum þungaðar gegn vilja sínum.

Í Vestur-Þýskalandi urðu konur frekar fyrir áhrifum kapítalismans og neysluhyggjunnar sem honum fylgdi. Þær urðu meðvitaðri um líkama sinn og útlit en konur í Austri. Aftur á móti spilaði Ameríkuvæðingin stóran þátt í því að bæta dapurlegt andrúmsloft Vestur-Þjóðverja, eftir seinni heimsstyrjöldina, með kvikmyndum, tónlist og annarri dægrastyttingu (Nolan, 2005). Kvennahreyfingar voru bannaðar í Austur-Þýskalandi. Stefnur stjórnvalda snérist meðal annars um það að knýja fram jafnrétti kynjanna og þar sem að jafnrétti var skrifað í lög var ekki talinn grundvöllur fyrir sértökum kvennahreyfingum. Í Vestur-Þýskalandi voru hins vegar kvennahreyfingar en þær fengu litla athygli innan kerfisins. Mikilvægt er þó að skapast hafi vettvangur í samfélaginu fyrir konu til þess að láta raddir sínar heyrast. Þó að kvennahreyfingarnar hafi ekki haft mikil áhrif innan kerfisins, hafa þær samt sem áður vakið athygli á málefnum kvenna innan samfélagsins (Schlaeger, Vedder, 1978).

Almennt

Frí menntun í Austur-Þýskalandi gerði það að verkum að konur menntuðust betur fyrir vikið. Val einstaklinga á menntun var þó enn mjög kynbundið, karlar völdu iðn- og tæknigreinar á meðan konur völdu frekar félagsfræðigreinar. Í Vestri jókst menntun einnig en náði samt aldrei sama hlutfalli og þeirra í Austri. Hlutfall vestur-þýskra kvenna í háskólum náði ekki sama hlutfalli karla fyrr en 1980. Í Austur-Þýskalandi var áhersla á að fólk væru meðlimir í sósíalíska flokknum. Karlar voru þó alltaf í valdastöðum innan flokksins og beindist val þeirra þá frekar að öðrum körlum þegar kom að stöðuveitingum. Þess fyrir utan höfðu konur lítinn tíma fyrir stjórn mála en voru þó hvattar til að sinna öðrum félagsstörfum innan samfélagsins (Łobodzińska,

1995). Í Vestur-Þýskalandi tóku konur mjög lítinn þátt í stjórnámálum, stjórnmalapátttaka þeirra virðist einnig hafa haldist nánast óbreytt í þau 40 ár sem landinu var skipt (Rhoodie, 1989).

Í báðum hlutum Þýskalands var fjölmiðlastéttin eingöngu mönnuð af körlum. Fjölmiðlar eiga mjög stóran hlut í því að móta almenningsálit. Þeir eiga þátt í því hvernig ímyndir kvenna og karla eru sýndar innan samfélagsins. Þetta hefur þýtt að konur hafa tekið lítinn þátt í því að móta almenningsálit landa sinna. Í þessu samhengi hafa kvannahreyfingarnar í Vestur-Þýskalandi verið eini vettvangur kvenna til þess að tjá sig. Austur-þýskar konur höfðu ekki þann vettvang, málefni þeirra voru rædd af körlum innan stjórnmalaflokka (Banazsak, 1998).

Konum úr Austri fannst líf vestrænna kvenna eftirsótt og gerðu ráð fyrir að lífið hinum megin við múrinn væri betra en það sem þær lifðu. Á sama tíma gerðu konur í Vestur-Þýskalandi sér ekki grein fyrir frelsi kvennanna í Austri. Vestur-þýskar konur höfðu minna svigrúm á hinu opinbera sviði en þær frá Austri. Þær aftur á móti höfðu meira tjáningafrelsi og þróðu kvennréttindastefnu og kvennasamtök þó að tilgangur þeirra hafi að vísu verið umdeildur. Þrátt fyrir það hafði skapast vettvangur fyrir konur til að láta raddir sínar heyrast (Łobodzińska, 1995).

Niðurlag:

Í ritgerð þessari hefur verið fjallað um hvernig lífi kvenna var ólíkt háttað eftir því hvort þær bjuggu austan eða vestan megin múrsins í Þýskalandi á tímum kalda stríðsins. Stefnur stjórnvalda spiluðu í því samhengi lykilhlutverk. Konur í Austur-Þýskalandi voru hvattar til þess að fara út á hinn almenna vinnumarkað, bæði til þess að öðlast sjálfstæði en einnig vegna þess að mikill skortur var á vinnuafli. Í Vestur-Þýskalandi voru hins vegar hin hefðbundnu kynjahlutverk í heiðri höfð þar sem karlar voru fyrirvinna heimilisins en konur sáu um heimili og barnauppleidi. Þessi hlutverk endurspegluðust svo í sjálfsmynd og ímynd þýskra kvenna. Til þess að meta hvoru megin meira jafnrétti hafi ríkt er gott að hafa skilgreiningu á jafnrétti til hliðsjónar:

Kringumstæður þar sem konur og karlar njóta sömu réttinda og tækifæra þannig að hegðun, væntingar, óskir og þarfir kvenna og karla eru jafnmikils metnar. Jafnrétti kynjanna þýðir að kynin séu jafn sjáanleg í samfélaginu, jafn valdamikil, og taki þátt í opinberu og einkalífi í jöfnum hlutföllum (jafnrétti.is).

Hafa ber í huga að bæði í kapítalisma í Vestri og sósíalisma í Austri var ríkjandi mjög sterkt feðraveldisskipulag sem átti sér djúpar rætur. Þrátt fyrir miklar pólitískar-, efnahagslegar-, félagslegar- og menningarlegar breytingar var umrætt kerfi ekki einungis ósnert heldur frekar styrkt. Það kemur því ef til vill ekki á óvart að kynjakerfið hafi haldist í föstum skorðum í báðum hlutum landsins þrátt fyrir miklar stefnubreytingar stjórnvalda (sérstaklega í Austri). Það hefur sýnt sig að kynjakerfið er rótgrónasta og lífseigasta yfirráðakerfi sögunnar. Hægt er að bera Austur-Þýskaland og Vestur-Þýskaland saman við kynjakerfið eins og Walby skiptir því. Í því samhengi væri hægt að tala um hvernig kynjakerfið hafi verið ríkjandi í einkalífinu í Vestur-Þýskalandi en á opinbera sviðinu í Austur-Þýskalandi. Þó svo að konur í Vestri hafi haft borgarleg og pólitískt réttindi voru þær samt sem áður útilokaður frá hinu opinbera sviði. Þær fengu lítið að vinna, voru í miklum minnihluta í stjórnámálum og gegndu engum valdastöðum innan samfélagsins. Konur í Austri voru hvattar til að vinna og voru þátttakendur í stjórnámálum en þeim var mismunað á grundvelli kyns á báðum vígstöðum. Sósíalísum tókst þó að gera konur sýnilegri á hinu opinbera sviði en sáu samt til þess að þær hefðu ekki aðgang að æðstu og valdamestu stöðum samfélagsins. Ójafnrétti kynjanna átti að laga með auknu vinnuframlagi kvenna á almennum vinnumarkaði en með því myndi kynjamisréttið leiðrétast innan

samfélagsins. Álagið á austur-Þýskar konur varð því tvöfalt ef ekki þrefalt þrátt fyrir aðstoð ríkisins vegna þess að karlar juku ekki þátttöku sína í heimilisverkum og barnaupheldi í samræmi við auknar kröfur til kvenna.

Að ofansögðu má draga þá ályktun að konur höfðu meira frelsi og jafnrétti kynjanna var meira í Austur-Þýskalandi en í Vestur-Þýskalandi. Ályktun mína byggir ég á þeim staðreyndum að atvinnuþátttaka kvenna var meiri í Austri og aukin viðleitni stjórnvalda til kynjajafnréttis. Konur voru sjálfstæðari og voru jafn mikilvægar innan atvinnulífsins og karlar. Það endurspegladist svo í viðhorfum samfélagsins gagnvart jafnrétti kynjanna. Konur gátu sótt um skilnað og farið í fóstureyðingu. Meira harðræði ríkti þó í Austri en í Vestri og voru allir undir stöðugu eftirliti stjórnvalda. Það virðist þó ekki hafa hallað meira á konur í því samhengi. Konur í Vestur-Þýskalandi voru hins vegar efnahagslega háðar eiginmönnum sínum að öllu leyti og þar af leiðandi minna sjálfstæðar. Sjálfsmynd kvenna í Vestri varð fyrir vestrænum áhrifum þegar tekið er tillit til útlits og líkama. Femínistar hafa bent á að kapítalismu stuðli að útlitsdýrkun og ýti undir staðalmyndir kynjanna og sé þannig ekki hliðhollur konum. Þó að kvannahreyfingar hafi verið til staðar í Vestri tóku konur lítinn þátt. Það hefur verið skýrt með því að þær hafi almennt séð verið sáttar með hlutskipti sitt í lífinu. Það endurspeglast meðal annars í viðhorfum þeirra sem og karla í því hversu viljugar þær voru að gefa upp starfsframa sinn þegar þær stofnuðu fjölskyldur.

Ljóst er að hugmyndakerfi beggja ríkja voru smíðuð af körlum og kemur því ekki á óvart að kerfin hafi orðið karlamiðuð. Viðhorf sósíalista voru þó jafnréttissinnaðri en viðhorf kapítalista. Í báðum hugmyndakerfunum er sú vinna sem fer fram innan veggja heimilisins ekki lögð að jöfnu við launaða vinnu en sú vinna er ekki síður mikilvæg og verðmæt.

Mér finnst við hæfi að ljúka ritgerðinni með barnagælu sem hefur oft sönglað í kalli mér við skrifin. Heimfæra má texta vísunnar upp á líf kvenna í Þýskalandi á tímum kalda stríðsins og gæti endurspeglad forvitni þeirra á að vita hvernig lífið væri hinum megin við múrinn.

*Ein ég sit og sauma
inni í litlu húsi.
Enginn kemur að sjá mig
nema litla músin.
Hoppaðu upp og lokaðu augunum.
Bentu í austur,
bentu í vestur.*

*Bentu á þann sem að
þér þykir bestur.*

(Höfundur: ókunnugur).

Heimildarskrá

- Andri Óttarsson. 2001. „Um fóstureyðingar á Íslandi II“. *Deiglan.is*.
<http://www.deiglan.com/index.php?itemid=352> (sótt 18. apríl 2011).
- Banaszak, Lee Ann. 1998. „East-West Differences in German Abortion Opinion“. *The public opinion Quartely*. 62, nr 4: 545 – 582.
<http://www.jstor.org/stable/2749677> (sótt 3. apríl 2011).
- Bruce, Michael G. 1986. „The Place of Europe's Women“. *The Phi Delta Kappan*. 67 nr. 10: 761-762
- Chattopadhyay, Paresh. 1989. „Which Socialism Is in Question?“. *Economic and Political Weekly*, 16. Desember 24 nr 50.: 2791-2794.
- Cudd, Ann og Nancy Holmstrom. 2011. *Capitalism for and against : A feminist Debate*. United States of America: Cambridge University Press.
- Einhorn, Barbara. 1993. *Cinderella Goes to Market: Citizenship, Gender and Womens Movements in East Central Europe* London & New York: Verso.
- Gyða Margrét Pétursdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. 2010. „Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.“ 138. löggjafarþing 2009–2010. Þskj. 1501 — 705. mál.
- Henz, Ursula. 2008. „Gender Roles and Values of Children: Childless Couples in East and West Germany“. *Demographic Research*. 19:1451.
- Kristín Ástgeirsdóttir. „Jafnrétti kynjanna“. Jafnréttisstofa.
<http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=ReadDocument&ID=37&DocCatID=20> (sótt 20. apríl 2011).
- Łobodzińska, Barbara. 1995. *Family, Women and Employment in Central-Eastern Europe*. Westport, CT: Greenwood Press.
- Matthías Johannesson og Styrmir Gunnarsson. 1999. Viðtal við Heidemarie Wunsche Piétzka, „Milli tveggja heima“, *Morgunblaðið*, 25. Júlí.
(Matthías Johannesson og Styrmir Gunnarsson., 1999).
- Merritt, Richard L. 1972. „Divided Berlin: One Past and Three Futures“. *Journal of*

- Peace Research*. 9, nr. 4 (desember): 331-344 http: DOI: 10.1177/002234337200900404
- Nolan, Mary. 2005. „Anti-Americanism and Americanization in Germany“. *Politics Society*. 33:88.
- Painter, David S. 1999. *The Cold War: An International History*. London: Routledge.
- Pfau-Effinger, Birgit. 1993. „Modernisation, Culture and Part-Time Employment: The Example of Finland and West Germany“. *Work Employment Society*. 7. nr. 3: 383-410. http: DOI: 10.1177/095001709373003 (sótt 27. mars 2011).
- Phillips, Anne. 1996. „What has socialism to do with sexual equality?“ *Soundings*. 4: 27-45.
- Rerrich, Maria S. 1996. „Modernizing the Patriarchal Family in West Germany: Some Findings on the Redistribution of Family Work between Women“. *European Journal of Women's Studies*. 3: 27.
- Rhodie, Eschel M. 1989. *Discrimination Against Women A Global Survey of the Economic, Educational Social and Political Status of Women*. Jefferson, North Carolina: McFarland & Company, Inc..
- Rosenfeld, Rachel A. og Heike Trappe. 1998. „A Comparison of Job-Shifting Patterns in the Former East Germany and the Former West Germany“. *European Sociologica Review*. 14:343-368.
- Rosenfeld, Rachel A, Heike Trappe, og Janet C. Gornick. 2004. „Gender and Work in Germany: Before and After Reunification“. *Annual Review of sociology*. 30:103-124.
- Sandole-Staroste, Ingrid. 2002. *Women in Transition: Between Socialism and Capitalism*. Westport, CT: Praeger.
- Sen, Gita. 1980. „The Sexual Divison of Labor and the Working-class Family: Towards a Conceptual Synthesis of Class Relations and the Subordination of Women“. *Review of Radical Political Economics*. 12 (júli):76-86 DOI: 10.1177/048661348001200209
- Schlaeger, Hilke og Nancy Vedder-Hults. 1978. „The West Germans Women's Movement“. *New German Critique*. 13:59-68.

- Stacey, Judith. 1986. „State Socialism, the "Woman Question," and Socialist Feminist Theory“. *Critical Sociology*. 13: 20-29.
- Trappe Heike og Rachel A. Rosenfeld. 2004. „Occupational Sex Segregation and Family Formation in the Former East and West Germany“. *Work and Occupations*. 31:155
- Valur Freyr Steinarsson. 2004. „Hver var ástæðan fyrir kalda stríðinu? Var það nauðsynlegt eða hefði verið hægt að sleppa því?“. *Vísindavefurinn*. Sótt 1.apríl 2011 af <http://visindavefur.is/svar.php?id=4038>
- Walby, Sylvia. 1990. *Theorizing Patriarchy*. Oxford: Blackwell. Vitnað í Þorgerður Einarsdóttir 2006. „Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?“ Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VII*.
- Wilson, Nicholas Hoover og Brian Jacob Lande. 2005. Viðtal við Arlie Hochschild, „Feeling Capitalism“. *Journal of Consumer Culture*, 5.maí. (Doug Holt 2005)
- Þorgerður Einarsdóttir (2006). „Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?“ Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VII*.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2010. „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“. *Eilífðarvélin. Uppgjör við nýfrjálshyggju*. Ritstj. Kolbeinn Stefánsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.